




**SKOÐUN** Greina þarf sjúkdóma sem valda minnstruflunum rétt, skrifar Teitur Guðmundsson. 13



**MENNING** Hólmfríður Ósk og Greta Mjöll Samúelsdóttir koma fram á tónleikum annað kvöld. 30



**SPORT** Formaður KSÍ, Geir Þorsteinson, er bjartsýnn á að Lars Lagerbäck haldi áfram að þjálfandi landsliðið. 26



**Whirlpool**  
PVOTTAVÉLAR  
Heimilistæki ht.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Priðjudagur**

8. október 2013  
235. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



**Gögn úr skattaskjólum nýtt**  
Samningar Norðurlandanna um upplýsingaskipti við aflandssvæði hafa í nokkrum tilvikum styrkt rannsóknir skattayfirvalda á málum hér á landi. 6

**Fórnarlamb krefst milljóna**  
Maður sem misþyrmt var og skilinn eftir bundinn á Stokkseyri krefst sex milljóna króna í bætur. 2

**Vakandi að feigðarósi**  
Rekstur bandaríska ríkisins hefur verið skertur síðustu vikuna og stefnir í óefni varðandi heimildir ríkissjóðs til að stofna til frekari skulda. 8

**Kerfið brást**  
Hrun fjármálakerfis heimsins skrifast á kerfisgalla, ekki einstaklinga, segir prófessorinn Robert Aliber. 10



SHALDOR  
14

Bolungarvík	2°		S	3
Akureyri	1°		SA	2
Egilsstaðir	3°		SA	2
Kirkjubæjarkl.	2°		NA	3
Reykjavík	4°		S	3

**ÉL V-TIL** Hægur vindur í fyrstu en gengur í NV-átt með eljum V-til síðdegis, slydda S-lands en þurr að mestu NA-til. Hiti 0-6 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Fólk | Bílar



# Sóknir á suðvesturhorninu skulda yfir þrjá milljarða

Skuldastaða kirkna á suðvesturhorninu er mjög slæm. Langholtskirkja gæti misst safnaðarheimilið sem er veðsett Dróma. Sóknarprestur í Breiðholtskirkju segir fé vanta fyrir barnastarf og að kirkjuklukkurnar séu bilaðar.

**FJÁRMÁL** „Hér í Breiðholtskirkju leppjum við dauðann úr skel,“ segir séra Gísli Jónasson, sóknarprestur í Breiðholtskirkju og prófastur í Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra, en skuldavandi kirkna á Íslandi er verulega alvarlegur að mati Gísla. Mestur er vandinn í Langholtskirkju en þar getur farið svo að kirkjan tapi safnaðarheimili sínu til Dróma vegna gríðarlegrar skuldsetningar. Söfnuðurinn reynir nú að semja um skuldirnar við lánardrottna.

Gísli sat í nefnd um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma á suðvesturhorninu.

Nefndin skilaði af sér álit á síðasta ári þar sem kom meðal annars fram að skuldugasta sókn landsins skuldar hátt í 600 milljónir króna.

Grafarvogskirkja, sem er fjölmennasta sókn landsins og telur vel yfir átján þúsund sóknarbörn, skuldar mest allra sókna. Meðal annarra skuldugra sókna eru Grensáskirkja og Hallgrímskirkja. „Það sem hefur víst bjargað Hallgrímskirkju er töluverð fjölgun ferðamanna sem nýta sér lyftuna upp í turn kirkjunnar,“ segir Gísli.

Áð sögn Gísla hefur ríkið skorið niður um 30 prósent hjá þjóðkirkjunni á síðustu sjö árum og haldið

eftir hluta sóknargjalda. Afleiðingar niðurskurðarins séu misjafnar.

„Hjá okkur eru kirkjuklukkurnar bilaðar og við höfum ekki efni á því að laga þær, auk þess sem húsið míglerur,“ segir Gísli. „Og svo höfum við skorið niður allt unglinga- og barnastarf,“ bætir hann við. Þannig hefur barnakór Breiðholtskirkju verið lagður niður vegna bágrar fjárhagsstöðu. Þá hefur kirkjan þurft að segja upp starfsfólki eins og flestar aðrar kirkjur á höfuðborgarsvæðinu.

Samtals nema skuldir 36 sókna á suðvesturhorninu rétt yfir þremur milljörðum króna.



Hjá okkur eru kirkjuklukkurnar bilaðar og við höfum ekki efni á því að laga þær.

séra Gísli Jónasson, sóknarprestur í Breiðholtskirkju

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, gat ekki veitt viðtal vegna málsins í gær. -vg



**Í BIÐSTÖÐU** Grunnur hefur verið grafinn að Húsi íslenskra fræða við Suðurgötu. Húsið mun þó ekki rísa á næsta ári ef ákvæði fjárlagafrumvarps verða að lögum. Enn liggur ekki fyrir hvað á að gera við grunninn samkvæmt upplýsingum frá ÍAV, sem sá um framkvæmdina.

## Einkaframkvæmd í vegagerð: Sundabraut álitlegur kostur

**SAMGÖNGUR** „Miðað við þær forsendur sem ráðherrann leggur upp með list okkur vel á að setja hluta vegaf framkvæmda í einkaframkvæmd,“ segir Hreinn Haraldsson vegamálastjóri.

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra sagði við Fréttablaðið í gær að hún vildi auka samstarf hins opinbera við einkaaðila í vegaf framkvæmdum.

Hreinn segir að Vegagerðin sé nú að skoða þá kosti sem í boði eru. Hann tekur sem dæmi Sundabraut í Reykjavík, Svínvetningabraut í Húnavatnssýslu og veg um Öxi á Austurlandi sem vegaf framkvæmdir sem hægt væri að setja í einkaframkvæmd. Þær uppfylli þau skilyrði sem innanríkisráðherra setji um að slíkar framkvæmdir komi ekki til álita nema vegfarendur hafi kost á annarri leið samhliða einkaframkvæmdinni. jme / sjá síðu 4

Minnst sjö kynferðisbrot komu til kasta lögreglu og sérfræðinga um helgina:

## Sex leituðu á neyðarmóttöku

**SAMFÉLAGSMÁL** Sex konur leituðu á Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis á Landspítalanum um liðna helgi. Þetta staðfestir Eyrún Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnisstýra neyðarmóttökunnar, og bendir jafnframt á að algengt sé að konur komi eftir helgina og tilkynni um nokkurra daga gömul brot.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu höfðu í gær fjögur kynferðisbrot verið tilkynnt til embættisins eftir helgina. Þar af hafði einn þolandinn ekki farið á neyðarmóttökuna. Málin virðast því vera minnst sjö.

Ein kona kom á neyðarmóttökuna að kvöldi fimmtudagsins var,

þrjár á föstudagskvöld og tvær á laugardagskvöld, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Ekki var um fullframda nauðgun að ræða í öllum tilfellum.

„Þetta er ekkert einsdæmi, því miður,“ segir Eyrún, sem segir sex heimsóknir yfir eina helgi þó vissulega með því mesta sem gerist. „Það er eins og þetta gangi stundum í bylgjum, hvað sem veldur. Ég veit ekki hvað gerir þessa helgi öðruvísi en aðrar,“ segir hún.

Brot af þessu tagi tengjast yfirleitt skemmtanálifinu, að sögn Eyrúnar, og hugsanlega hafi það haft áhrif á liðin helgi hafi verið sú fyrsta í mánuðinum, fólk hafi þá rýmri fjárrád og því séu mögulega fleiri að skemmta sér.



Það er eins og þetta gangi stundum í bylgjum, hvað sem veldur.

Eyrún Jónsdóttir verkefnisstjóri neyðarmóttökunnar

Eyrún segir að fyrir helgina hafi neyðarmóttakan verið heimsoðtt 110 sinnum á árinu, samanborið við 136 sinnum allt árið í fyrra og 118 árið 2011. Um það bil helmingur málanna sé yfirleitt kærður til lögreglu. -sh

**BLEIKA UPPBODIÐ**

**BJÓDDU Í BLEIKA TEIKNINGU EFTIR HUGLEIK**

**KAUPTU BLEIKU SLAUFUNA BLEIKASLAUFAN.IS**

**Paratabs®**

Paratabs® 500mg

Actavis

**SPURNING DAGSINS**



Reynir, væri ekki hryllilegt að vinna þessi verðlaun?

„Nei, ég hræðist það ekki.“

Frost, kvikmynd Reynis Lyngdal leikstjóra, keppir um verðlaunin Gylltu hauskúpuna á hryllingsmyndahátíðinni Screampfest sem verður haldin í Los Angeles síðar í mánuðinum.

## Framkvæmdir við annan gangamunna Norðfjarðarganga að hefjast: Bora fyrir göngunum í vikunni

**SAMGÖNGUR** „Við munum líklega byrja að bora og sprengja fyrir gangamunna Norðfjarðarganga í Eskifirði í þessari viku,“ segir Guðmundur Björnsson, tæknifræðingur hjá verkfræðistofunni Hnit sem fer með umsjón og eftirlit vegna framkvæmda við Norðfjarðargöng.

Guðmundur segir allar líkur á að byrjað verði að sprengja fyrir jarðgöngunum sjálfum, sem eiga að tengja Eskifjörð við Neskaupstað, upp úr næstu mánaðamótum. Verktakar á svæðinu hafa nú

þegar reist vinnubúðir og búið er að moka frá lausu jarðvegsefni sem lá í fjallshlíðinni þar sem göngin verða.

„Vinna við brúarsmíði yfir Norðfjarðará er einnig að klárast og það er búið að leggja vegaslóða frá brúnni að væntanlegum gangamunna Norðfjarðarmegin,“ segir Guðmundur. „Brúin er forsenda fyrir því að gangagröftur geti hafist þeim megin og þegar hún verður tilbúin verður hægt að fara út í undirbúningsvinnu Norðfjarðarmegin.“ -hg



ÁIN BRÚUÐ Vinna við brúarsmíði yfir Norðfjarðará er langt komin. MYND/PORSTEINN VALUR

## Lögreglan baðst afsökunar: Sagt frá meintu kynferðisbroti

**PERSÓNUVERND** Starfsmaður Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu upplýsti fyrir mistök ættingja manneskju, sem lagt hafði fram kærú vegna kynferðisbrots, um kærúna.

Kærandinn, sem sagður er vera á aldrinum 18 til 20 ára, taldi lögreglu hafa brotið lög með því að upplýsa um kærúna.

Í svari lögreglu til Persónuverndar segir að starfsmaður embættisins vilji biðja kærðann afsökunar á mistökunum. -bj



PRJÓNAMENNSKA Prjónaþegar eru ferningar sem eru 20 sentimetrar á kant og þeir svo sendir til Tyrklands þar sem þær eru settir saman í teppi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Prjónakonur í Reykjavík láta gott af sér leiða:

## Prjóna fyrir börnin frá Sýrlandi

**FÓLK** Þjáningar flóttafólks frá Sýrlandi hafa látið fáa ósnortna og margir hafa lagt sitt af mörkum til að bæta líf þeirra hundraða þúsunda sem eiga þar um sárt að binda.

Nokkrar frækjar prjónakonur á Íslandi, meðal annars íbúar og starfsfólk í þjónustubúðunum við Bólstaðarhlíð í Reykjavík, hafa undanfarið tekið þátt í verkefninu Lily – Love In the Language of Yarn. Þar hefur prjónafólk um allan heim tekið þátt í að senda skjölföt fyrir börn og búta í teppi sem svo eru settir saman. Allir geta annars tekið þátt og má finna nánari upplýsingar um verkefnið með því að leita að því á vefnum. -bj

Yfirborgarstjóri Hafnar:

## Segja lélegum kennurum upp

**DANMÖRK** Yfirborgarstjóri Kaupmannahafnar, Frank Jensen, segir að það eigi að vera auðveldara að reka kennara sem ekki standa sig nógu vel. Formaður danska kennarasambandsins, Anders Bondo Christensen, segir í viðtali á vef Kristilega dagblaðsins að nú þegar sé mörgum kennurum sagt upp vegna lélegrar kennslu.

Formaðurinn telur að erfiðara sé að halda í kennara en reka þá þar sem kannanir sýni að helmingur þeirra íhugi að hverfa frá störfum. -ibs

Hagvöxtur eftir samdrátt:

## Vonarglæta í brjósti Grikkja

**GRIKKLAND, AP** Grísk stjórnvöld eru vongóð um að eftir erfið samdráttarár sé nú útlit fyrir að hagvöxtur verði á næsta ári.

Samkvæmt drögum að fjárlagafrumvarpi næsta árs verður þar 0,6 prósent hagvöxtur. Það verður í fyrsta sinn frá 2007 sem efnahagur landsins vex.

Gert er ráð fyrir að afgangur verði á rekstri ríkisins, utan afborgana af lánunum, og að atvinnuleysi minnki. Skuldastaðan er þó alvarleg. Áætlað er að skuldir ríkisins verði 174,5 prósent af landsframleiðslu á næsta ári. -bj

# Skilinn eftir bundinn og mýldur í plastpoka

Fórnlambið í svokölluðu Stokkseyrarmáli krefur kvalara sína um sex milljónir í bætur. Maðurinn var bundinn við burðarbita í kjallara klukkustundum saman.

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari gaf fyrir helgi út ákærú á hendur fimm mönnum fyrir tvær hrottafengnar líkamsárásir, mannrán og langvinnar pyntingar um mánaðamót júní og júlí síðastliðinna.

Mest ber á tveimur mönnum í ákærúnni; Stefáni Loga Sívarsyni, 31 árs, og nafna hans Stefáni Blackburn, 21 árs. Báðir eiga þeir mikla brotasögu. Hinir mennirnir þrír eru fæddir árin 1990 og 1992 og hafa allir komið áður við sögu lögreglu.

Ákæran er í fjórum liðum og ástæða er til að vara við lýsingum sem hér fara á eftir. Fyrsti liðurinn snýr að árás á 22 ára mann í samkvæmi í Breiðholti sem hófst klukkan níu að kvöldi 30. júní og stóð fram undir hádegis daginn eftir. Hann hafði þá greint Stefáni Loga frá því að annar maður hefði átt í kynferðislegu sambandi við fyrrverandi kærústu hans.

Mennirnir eru ákærðir fyrir að hafa misþyrmt honum allt kvöldið og fram eftir nóttu þar til hann slapp undir hádegi. Samkvæmt ákærúnni var maðurinn meðal annars sleginn með keðju, stunginn ítrekað með skrúfjærni, dúkahníf og óhreinum sprautunálum af nöfnunum Stefáni Loga og Stefáni Blackburn, þarinn með kylfum, hann kinnbeinsbrotinn, skorinn víða og klippt í eyru hans.

Annar ákærúliðurinn fjallar um árás á 25 ára mann, þann sem hafði átt vingott við kærústuna fyrrverandi. Þar segir að honum hafi verið rænt af heimili sínu klukkan hálf eitt sömu nótt. Hann hafi verið barinn ítrekað með kylfum, hann skorinn, rakspíra hella á brjóstakassa hans og kynfæri og kveikt í.

Samkvæmt ákærúnni rifnaði efri



HÚSÍÐ Á STOKKSEYRI Í kjallara þessa húss var mannum haldið klukkustundum saman. MYND/SIGURJÓN

vör mannsins vegna kylfuhöggs frá Stefáni Loga, sem einnig braut framtönn hans, og í kjölfarið saumaði einn árásarmannanna vörina saman með saumnál og garni. Stefán Logi hafi síðan neytt ofan í hann óþekktar töflur „sem líklega innihéldu deyfandi lyf“, stungið hann með skrúfjærni og einn mannanna sprautað hann með óþekktu lyfi í rassinn.

Um morguninn hafi Stefán Blackburn og annar úr hópi ákærðu ekið með manninn í hús á Stokkseyri, þar sem Stefán hafi slegið hann með belti og einhvers konar snúru í líkamann áður en hann var afklæddur og skilinn eftir nakinn íklæddur svörtum plastpoka í kjallara hússins, bundinn við burðarstöð eftir að þeir hafi „bundið beisli um höfuð honum þannig að mélin voru í munni hans“.

Húsráðandinn á Stokkseyri leysti hann úr haldi síðdegis. Hann sætti

## Líka ákærður fyrir árás á kærústuna



STEFÁN LOGI SÍVARSSON

Í ákærúliðum þrjú og fjögur er Stefán Logi ákærður fyrir að hafa í október 2012 ráðist á þáverandi kærústuna sína, vafið belti af baðslopp um hals hennar og dregið hana um þannig að henni lá við

köfnun, og síðan 30. júní í sumar ráðist inn til hennar og foreldra hennar og hóttað henni og föður hennar lífláti.

gæsluvarðhaldi um skeið en er ekki ákærður. Þólandinn krefst rúmlega sex milljóna króna í bætur vegna málsins. stigurfrettabladid.is

**Á FLÓTTA**

Glæný saga eftir Sigrúnu Eldjárn

9+

SPENNANDI OG RÍKULEGA MYNDSKREYTT

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

## Hægri og Framfaraflokkurinn náðu saman um stjórnarmyndun í Noregi: Megináherslan á atvinnulífið

**NOREGUR** Forvígiskonur Hægri flokksins og Framfaraflokksins í Noregi tilkynntu í gærkvöldi að samkomulag hefði tekist milli flokkanna um myndun ríkisstjórnar.

Erna Solberg, formaður Hægri og verðandi forsætisráðherra, og Siv Jensen, formaður Framfaraflokksins, tilkynntu á blaðamannafundi í gær að samkomulagið fæli í sér átta meginatriði. Fyrst að styrkja atvinnulífið, fjölga störfum og efla einkaframtakið. Þá á að draga úr skrifafræði, bæta stöðu kennara, bæta vegakerfið og styrkja velferðarkerfið. Þá á að skoða hvort lögreglumenn eigi almennt að vera vopnaðir og innflytjendalöggjöf verður hert. Loks verður sveitarfélögum fækkað og verkefni flutt frá ríki í hérað.

Vonast er til þess að hægt verði að tilkynna um ráðherraskipan fyrir 18. október.

Flokkarnir tveir hlutu samtals um 45 prósent atkvæða í þingkosningunum í síðasta mánuði og eru með 77 af 169 þingmönnum. Það var nóg til að fella stjórn Jens Stoltenberg en viðræður allra fjögurra flokkanna á hægri vængnum um



NYR FORSÆTISRÁÐHERRA Svo fór sem flestir spáðu að Siv Jensen og Erna Solberg náðu saman um myndun ríkisstjórnar í Noregi. NORDICPHOTOS/AFP

stjórnarmyndun fóru út um þúfur þar sem minni flokkarnir tveir vildu ekki vinna með Framfaraflokknum sökum afstöðu hans í málefnum innflytjenda. -bj

# FYRIR ÞÍNAR BESTU STUNDIR!



## TEMPUR® HEILSUDÝNUR



EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG VOTTUÐ AF GEIMFERDASTOFNUNNI

### TEMPUR CLOUD heilsudýna



**TEMPUR CLOUD HEILSUDÝNA**  
Verðdæmi 80x200 cm  
Verð kr. ~~183.900~~  
**Kr. 147.120** á kynningarverði  
Þú sparar kr. 36.780

Fæst einnig í stærðunum

90x200 cm  
90x210 cm  
100x200 cm  
120x200 cm  
140x200 cm  
160x200 cm  
152x200 cm  
180x200 cm  
180x210 cm  
192x203 cm



### C&J STILLANLEGT með Tempur Cloud



Charlotte S Julien



**C&J STILLANLEGT**  
með Tempur Cloud dýnu  
Verðdæmi 2x80x200 cm  
Verð kr. ~~747.800~~  
**Kr. 598.240** á kynningarverði  
Þú sparar kr. 149.560

Með fjarstýringu

Fæst einnig í stærðunum  
2x90x200 cm  
2x90x210 cm  
2x100x200 cm  
120x200 cm  
140x200 cm



### TEMPUR SPRING heilsurúm



**TEMPUR SPRING**  
Verðdæmi 160x200 cm  
Dýna, botn og lappir  
Verð frá kr. ~~302.000~~  
**Kr. 241.600** á tilboðsverði  
Þú sparar kr. 60.400

Aukahlutur á mynd gæfl.

Fæst einnig í stærðunum  
180x200 cm  
180x210 cm  
192x203 cm



\* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.



www.betrabak.is

Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is  
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477  
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100  
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566  
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

SVONA ERUM VIÐ



**45,6%** landsmanna keyptu föt, skó eða íþróttavörur í gegnum netið á síðasta ári.

Þetta er tvöfalt herra hlutfall en fyrir fimm árum, þegar það var 22 prósent. Heimild: Hagstofa Íslands

# Tilkynnt á næstu dögum hvenær hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar skilar fyrstu áfangaskýrslunni: Ábendingar almennings ekki opinberaðar

**EFNAHAGSMÁL** Tilkynnt verður á næstu dögum hvenær fyrsta áfangaskýrsla hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar verður kynnt, segir Sigurður Már Jónsson, upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar. Alls bástust 570 ábendingar frá almenningi um það sem betur mætti fara í ríkisfjármálunum.

Ekki stendur til að birta ábendingarnar opinberlega og hefur þingflokkur Vinstri grænna farið formlega fram á að fá ábendingarnar, fundargerðir hagræðingar-

hópsins og önnur gögn afhent. Sigurður segir að flestum spurningum þingflokks Vinstri grænna verði væntanlega svarað með birtingu áfangaskýrslunnar. Virða verði nafnleynd þeirra sem sent hafa inn ábendingar.

Spurður hvort til standi að eyða persónuupplýsingum úr ábendingunum og birta þær að því loknu opinberlega segir hann að ekki sé útséð með að þörf verði á því.

Í svari Ásmunds Daða Einarssonar, formanns hagræðingar-

hópsins, við fyrirspurn sem barst í gegnum vefinn spyr.is, segir að margir hefðu veigrað sér við að senda inn ábendingar nema gegn nafnleynd. Þar segir jafnframt að hópurinn telji sér ekki fært að fara yfir hverja einustu ábendingu og eyða persónuupplýsingum með birtingu í huga.

**HAGRÆTT** Hagráðingarnámsráðgjafi leita til að hagræða í ríkisrekstrinum en víða hefur verið hagrætt verulega síðustu ár, til dæmis á Landspítalanum.



**ÁSDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR** Forstöðumaður greiningardeildar Arion skiptir um starf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Nýtt efnahagssvið hjá SA: Ráðin frá Arion í forstöðustarf

**FÓLK** Ásdís Kristjánsdóttir hagfræðingur hefur verið ráðin forstöðumaður nýs efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins.

Ásdís starfaði áður hjá fjármálaráðuneytinu og Kaupþingi. Hún hefur veitt greiningardeild Arion banka forstöðu undanfarin þrjú ár, að því er segir á vef SA. Þar kemur einnig fram að efnahagssviðinu sé ætlað að styrkja samtökin á sviði hagrannsóknna og efla greiningu á stöðu íslenskra fyrirtækja og efnahagslífs.

## Fréttakona í nýtt starf: Karen ráðin til útvegsmanna

**FÓLK** Karen Kjartansdóttir fréttakona hefur verið ráðin í starf upplýsingafulltrúa Landsambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ).

„Karen er bókmenntafræðingur og hefur starfað við fjölmiðla frá árinu 2005. Hún hefur lengst af unnið á Fréttablaðinu en hóf störf 2010 á fréttastofu Stöðvar 2 og gegndi síðast starfi varafréttastjóra á Stöð 2,“ segir á vef LÍÚ.

# Sundabraut talin henta sem einkaframkvæmd í vegagerð

Vegagerðinni líst vel á að setja hluta vegaf framkvæmda í einkaframkvæmd. Sundabraut er nefnd sem dæmi um verkefni sem gæti hentað til slíks. Lífeyrissjóðir gætu komið að fjármögnun verksins verði ávöxtun tryggð.

**SAMGÖNGUR** „Miðað við þær forsendur sem ráðherra leggur upp með líst okkur vel á að setja hluta vegaf framkvæmda í einkaframkvæmd,“ segir Hreinn Haraldsson vegamálastjóri. Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra sagði við Fréttablaðið í gær að hún vildi auka samstarf hins opinbera við einkaöðila í vegaf framkvæmdum.

Hreinn segir að Vegagerðin sé nú að skoða þá kosti sem í boði eru. Hann tekur sem dæmi að Sundabraut í Reykjavík, Svínvetningabraut í Húnavatnssýslu og vegur um Öxi séu vegaf framkvæmdir sem hægt væri að setja í einkaframkvæmd. Þær uppfylli þau skilyrði sem innanríkisráðherra setur en það er að slíkar framkvæmdir komi ekki til álita nema vegfarendur hafi kost á annarri leið samhlíða einkaframkvæmdinni.

Svínvetningabraut myndi liggja fyrir sunnan Blönduós og stytta hringveginn um 12 til 15 kílómetra eftir því hvaða vegstæði yrði valið. Vegfarendur hefðu val um hvort þeir færu um Blönduós eða færu Svínvetningaleið.

Vegurinn um Öxi gæti legið frá Háubrekku í Berufjarðardal að Reiðeyri í Berufirði og myndi stytta leiðina milli suðurhluta Austfjarða og Egilsstaða um 60 kílómetra. Fólk gæti valið um hvort það færi firðina eða um Öxi.

Sundabraut gæti stytt norðurleiðina um níu til tíu kílómetra. Þar hefðu menn val um hvort þeir færu um Ártúnsbrekku og Vesturlandsveg eða hina nýju Sundabraut.

Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi segir sér líkast vel á að fara

## 20-30

þúsund bílar mundu fara um Sundabrautina daglega samkvæmt nýjustu spám, sem eru raunar nokkurra ára gamlar.

í framkvæmdir við Sundabraut. „Mér líst vel á að fólk hafi val um það hvort það greiðir beint fyrir að nota samgöngumannvirki eða ekki. Sundabraut getur verið góður kostur hvað þetta varðar.“


Júlíus Vífill segir það skoðun langflestu að Sundabraut sé arðbær framkvæmd en menn verði að hafa í huga að stilla gjaldtöku í hóf. Síðustu spár um raunerð um Sundabraut, sem eru raunar nokkurra ára gamlar, gera ráð fyrir að 20 til 30 þúsund bílar færu um brautina daglega.

Spurningar vakna um hvaða einkaöðilar gætu verið tilbúnir að taka að sér að fjármagna vegaf framkvæmdir. Lífeyrissjóðirnir komu til að mynda að fjármögnun Hvalfjarðarganga.

Þórey Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að uppfylli fjárfesting það að vera til hagsbóta fyrir sjóðfélagana séu sjóðirnir tilbúnir að taka þátt, annars ekki. Menn vegi saman áhættu og ávöxtun í hverri fjárfestingu og taki ákvörðun út frá því. Það gildi jafnt um fjárfestingu í vegaf framkvæmdum sem öðrum framkvæmdum.

johnanna@frettabladid.is

## VEGSTÆÐI SUNDABRAUTAR




## Hvalfjarðargöng voru einkaframkvæmd

Hvalfjarðargöng eru eina stóra einkaframkvæmdin í vegamálum á Íslandi. Hlutfélagið Spölur var stofnað um gangagerðina. Árið 2011 var stærsti einstaki hluthafinn í Speli Faxaflóahafni. Aðrir stórir hluthafar voru Ríkissjóður Íslands, Elkem á Íslandi, Hvalfjarðarsveit og Vegagerðin.

Bandaríska líftryggingarfélagið John Hancock, Mutual Life Insurance inc., tók að sér stærstan hluta langtíma fjármögnunar gangagerðarinnar. Þá komu að fjármögnun verksins íslenskar lánastofnanir, einkum Lífeyrissjóðir. Landsbréf hf. sáu um skuldabréfasölu til fimmtán íslenskra lífeyrissjóða.

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**BREYTINGAR** Dregur úr vindi og úrkomu á morgun og verður yfirleitt bjart og kalt fram eftir degi. Gengur því næst í sunnanátt með heldur hlýnandi veðri og rigningu vestan til á fimmtudag.

Alicante 25°	Billund 18°	Gautaborg 15°	London 20°	Orlando 30°	San Francisco 18°
Basel 18°	Frankfurt 18°	Kaupmannahöfn 15°	Mallorca 25°	Ósló 17°	Stokkhólmur 16°
Berlín 17°	Friedrichshafen 17°	Las Palmas 26°	New York 20°	París 20°	

**Fimmtudagur** 10-18 m/s V-til, annars yfirleitt 8-13.

**Elísabet Margeisdóttir** veðurfréttamaður



**Otrivin Comp**  
20% afsláttur af öllu Otrivin í október

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

Opíó mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN



**VW Passat Alltrack 4motion**  
 Árgerð 2012, dísil  
 Ekinn 20.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð:  
**6.290.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**VW Passat Var 4Motion TDI**  
 At. Árgerð 2012, dísil  
 Ekinn 48.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð: **5.190.000,-**



**VW Tiguan Track&Style TDI**  
 140 hö D. Árgerð 2012, dísil  
 Ekinn 32.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð: **5.890.000,-**




**Audi A4 2.0 TD Avant**  
 Árgerð 2013, dísil  
 Ekinn 23.500 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð: **6.250.000,-**



**Audi A4 2.0TDI AT 143 hö**  
 Árgerð 2012, dísil  
 Ekinn 32.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð: **5.290.000,-**



**Skoda Fabia 1,2 Classic**  
 Árgerð 2012, bensín  
 Ekinn 33.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð: **1.890.000,-**



**Audi Q7 3,0 TDI**  
 Árgerð 2008, dísil  
 Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð: **6.290.000,-**



**MM Outlander Sport**  
 Árgerð 2006, bensín  
 Ekinn 110.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð: **1.490.000,-**



**VW Passat Highline**  
 Árgerð 2006, bensín  
 Ekinn 144.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð: **1.390.000,-**



Tilboð **1.690.000,-**

**Hyundai Tucson 2700 4x4**  
 Árgerð 2008, bensín  
 Ekinn 128.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð: **1.890.000,-**



Tilboð **2.990.000,-**

**VW Touareg R5 2,5 tdi**  
 Árgerð 2004, dísil  
 Ekinn 136.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð: **3.490.000,-**




Tilboð **2.290.000,-**

**Honda Jazz 1400 Comfort**  
 Árgerð 2011, bensín  
 Ekinn 23.000 km, beinskiptur  
 Ásett verð: **2.650.000,-**



Tilboð **1.990.000,-**

**Subaru Legacy Sport Wagon**  
 Árgerð 2007, bensín  
 Ekinn 100.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð: **2.590.000,-**



Tilboð **3.690.000,-**

**Toyota Land Cruiser 120 GX**  
 Árgerð 2006, dísil  
 Ekinn 215.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð: **3.990.000,-**



Tilboð **1.490.000,-**

**Hyundai i30 Classic**  
 Árgerð 2008, bensín  
 Ekinn 83.000 km, beinskiptur  
 Ásett verð: **1.720.000,-**



Tilboð **1.790.000,-**

**Ford Explorer sport track**  
 Árgerð 2007, bensín  
 Ekinn 139.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð: **2.490.000,-**



Tilboð **1.890.000,-**

**VW Touareg 3,2 V6**  
 Árgerð 2003, bensín  
 Ekinn 133.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð: **2.490.000,-**

## VEISTU SVARID?



1. Hvað heitir kvikmynd Reynis Lyngdal sem keppir á árlegri hryllingsmyndahátíð í Los Angeles?
2. Í hvaða flokki eru þingmennirnir sem vilja halda verkamannahelgi í maí?
3. Hvaða íþróttakona hefur ákveðið að hætta keppni í fimleikum?

SVÖR:  
1. Frost. 2. Bjartí Framtíð.  
3. Frís Mist Magnúsdóttir.

200 nemendur í 5. bekk á Íslandi taka þátt í fyrstu samnorrænu rannsókninni á gildi skólamarar:

## Rannsaka áhrif skólamáltíða á athygli

**MATARÆÐI** Áhrif skólamáltíða á frammistöðu barna í skólanum og hegðun þeirra í skólafunni verða rannsökuð í samnorrænni rannsókn nú í vetur. Hér á landi munu 200 börn í 5. bekk taka þátt í rannsókninni, að því er Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor í næringarfræði, greinir frá.

„Það verður spennandi að sjá hvað kemur út úr þessu. Það er ótrúlega lítið til af rannsóknum um þýðingu skólamáltíða strax eftir að þeim lýkur,“ segir Ingibjörg.

Ljósmyndir af matardiskum barnanna verða notaðar til að meta gæði og magn þess matar sem skammtað er á diskinn. Myndir

verða einnig teknar af því sem kann að vera skilið eftir. Hegðun og athygli nemenda í skólafunni verður metin með kerfisbundnum aðferðum einni til tveimur klukkustundum eftir skólamáltíðina.

„Rannsakendur munu sitja á eins lítið áberandi hátt í skólafunni og hægt er og mæla nokkrum sinnum á klukkustund hvort börnin gera það sem þeim er uppálagt. Þetta er bara stöðumat en við fáum upplýsingar sem hægt verður að vinna með, til dæmis um þætti sem mættu betur fara.“

Að sögn Ingibjargar er rannsókninni einnig ætlað að svara því hvaða væntingar börn hafi

til skólamáltíða og hvort skipulag skólamáltíða hafi áhrif á fæðuvalið. Heildarmataræði barnanna verður jafnframt metið og fá foreldrar þeirra spurningalista.

-ibs

**INGIBJÖRG GUNNARS-DÓTTIR** Prófessor í næringarfræði segir spennandi að sjá niðurstöðu rannsóknar á áhrifum skólamáltíða.



Dómsmál í Noregi:

## Fangelsi fyrir spark í hund

**NOREGUR** 43 ára karlmaður var nýlega dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir norskum dómstól fyrir að sparka í lögregluhund. Frá þessu segir á vef VG.

Maðurinn brást ókvæða við þegar lögregla hugðist taka hann höndum í apríl síðastliðnum. Fyrst kastaði hann kveikjara í átt að lögregluþjóni en sparkaði svo í höfuð lögregluhunds, með þeim afleiðingum að skurður kom undir auga hundsins. Það telst brot gegn valdstjórninni.

Fimmtán dagar af dómnum eru skilorðsbundnir í tvö ár.

## Nýta gögn úr skjólum við skattrannsóknir

Samningar Norðurlandanna um upplýsingaskipti við aflandssvæði hafa í nokkrum tilvikum styrkt rannsóknir skattayfirvalda á málum hér á landi. Skattrannsóknarstjóri segir löndin standa vel að vígi í baráttunni gegn skattaskjólum.

**STJÓRNÝSLA** Gögn sem hafa fengið í gegnum samninga Norðurlandanna um upplýsingaskipti við svonefnd skattaskjól hafa í nokkrum tilvikum styrkt rannsóknir skattayfirvalda á málum hér á landi. Norðurlöndin hafa gert fleiri slíka samninga en nokkur önnur ríki, að Bandaríkjunum undanskildum, og standa því vel að vígi í baráttunni gegn skattaskjólum.

Þetta segir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri en hún var á meðal fyrirlesara á málþingi um skattaskjól í Norræna húsinu í gær.

Þar kom meðal annars fram að af þeim 43 samningum sem Norðurlöndin hafa gert eru átján í gildi hér á landi. Þeir hafa skilað skattayfirvöldum mikilvægum gögnum frá þekktum skattaskjólum eins og Jómfrúaejrum og Belís.

„Þar erum við hins vegar að glíma við það vandamál að mikilvægar fjárhagsupplýsingar, svo sem bókhaldsgögn eða gögn um ársreikninga, eru oft ekki til í þessum löndum. Af þeim sökum hafa samningarnir ekki skilað jafn miklum árangri og þeir annars gætu,“ segir Bryndís.

Hún segir að í þessu sambandi sé rétt að geta þess að Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, athugar þessa dagana hvort fullnægjandi kröfur séu gerðar innan þessara ríkja þegar kemur að söfnun mikilvægra fjárhagsupplýsinga.

Bryndís bendir einnig á að flest mál sem hafa komið inn á borð skattrannsóknarstjóra frá hruni tengist fjármunafærslum í gegn-



**FÓR YFIR STÖÐU MÁLA** Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri var á meðal fyrirlesara á málþingi um skattaskjól í Norræna húsinu í gær.

um Lúxemborg, þar sem bankaleynd er enn rík.

„Það er svolítið sérstakt við Ísland hvað þessi skattaskjólsmál eru tengd Lúxemborg því í öðrum löndum dreifast málin á mun fleiri lönd.“

Spurð hvort íslensk stjórnvöld geti í gegnum áður nefnda samninga lagt fram lista yfir einstaklinga sem grunaðir eru um að eiga bankareikninga eða félög í skattaskjólum og fengið upplýsingar um þá segir Bryndís málið ekki svo einfalt.

„Við verðum að óska eftir upp-

“Það er svolítið sérstakt við Ísland hvað þessi skattaskjólsmál eru tengd Lúxemborg því í öðrum löndum dreifast málin á mun fleiri lönd.“

lýsingum eftir einstökum málum og höfum ekki heimildir til að afla upplýsinga um allt og alla,“ segir Bryndís.

haraldur@frettabladid.is

Tvær mælingar birtar:

## Raungengi krónu lækkaði um 1,5 prósent

**EFNAHAGSMÁL** Raungengi íslensku krónunnar lækkaði um 1,5 prósent milli mánaða í september á mælikvarða hlutfallslegs verðlags.

Í nýbirtum tölum Seðlabankans kemur fram að á þriðja ársfjórðungi þessa árs hafi vísitala raungengis á mælikvarða hlutfallslegs verðlags numið 80,1 stigi og lækkað um 0,3 prósent frá fyrri fjórðungi. „Á sama tíma lækkaði vísitala raungengis á mælikvarða hlutfallslegs launakostnaðar um 6,8 prósent.“

-óka

Mæla stofnstærð botnfiska:

## Haustrallið er hafið hjá Hafró

**SIJÁVARÚTVEGUR** Stofnmæling botnfiska að haustlagi, eða „haustrall“, hófst í 18. sinn núna um mánaðamótin hjá Hafrannsóknastofnun (Hafró).

Haustrallið er sagt eitt umfangsmesta rannsóknaverkefni Hafró, þar sem á einum mánuði er togað á 387 stöðvum í kringum landið. „Bæði rannsóknaskip stofnunarinnar, Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson, taka þátt í verkefninu,“ segir á vef Hafró.

Sérstök áhersla er lögð á mælingar á grálúðu, djúpkarfa, þorski og ýsu.

-óka

## DÓMSMÁL

### Dæmdur fyrir barnaklám

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær karlmann í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir vörslu fimmtán ljósmynda sem sýna börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Myndefnið var gert upptækt, ásamt spjaldtölvu mannsins. Maðurinn játaði brot sitt skýlaust fyrir héraðsdómi.



**FÆKKAD** Konum hefur fækkað hlutfallslega meira en körlum á Vestur-Norðurlöndum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Samráð við nágrannabjóðir:

## Vilja rannsaka fækkun kvenna

**UTANRÍKISMÁL** Lagt er til að samstarf Íslands við Grænland og Færeyjar verði aukið í tillögum sem Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins hefur lagt fyrir Alþingi.

Í tillögum til þingsályktunar er til dæmis lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina að efna til samstarfs við þessar nágrannabjóðir um gerð samantektar yfir kannanir og rannsóknir um orsakir þess að konum fækkar hlutfallslega meira en körlum á Grænlandi og í Færeyjum.

Þá er lagt til að ríkisstjórnin semji um auknið samstarf á sviði heilbrigðisþjónustu, lestrar-kennslu og námskeiða fyrir rit-höfunda.

-bj



- vinsælasta viðbitið

# satt

Hreint og beint eldhús



## JÓLAHLAÐBORÐ MEÐ SÍGILDRI HÁTÍÐARSTEMNINGU

Guðrún Árný Karlsdóttir mun sjá um hátíðlegan jólasöng yfir borðhaldinu öll fimmtudags- föstudags- og laugardagskvöld.



Hlaðborðið okkar er orðið að dásamlegri hefð, klassískt með fersku ívafi. Hugljúf og lifandi tónlist um helgar, jólasveinninn og fjölskyldugleði á sunnudögum.

### Jólin hefjast á Satt 14. nóvember

Eftir það bjóðum við upp á jólahlaðborð öll fimmtudags-, föstudags- og laugardagskvöld fram að jólum.

**Jólahlaðborð í hádeginu** verður 22. og 29. nóvember, 1. desember og síðan alla daga frá 5. desember til 22. desember. Á sunnudögum í desember er Satt með fjölskylduvæn jólahlaðborð í hádeginu frá kl. 11.30. Við fáum jólasvein í heimsókn og allir komast í jólastemningu.

Jólahlaðborð í hádeginu: 4.900 kr.

Jólahlaðborð á kvöldin: 9.400 kr.

Kynnið ykkur nánar dagsetningar á [sattrestaurant.is](http://sattrestaurant.is)  
Borðapantanir í síma 444 4050 eða á [satt@sattrestaurant.is](mailto:satt@sattrestaurant.is).

# Fljóta glaðvakandi að feigðarósi

Flokkarnir á Bandaríkjaþingi takast á um fjárlög ríkisins. Rekstur ríkisins hefur verið skertur síðustu vikuna en nú stefnir í óefni varðandi heimildir ríkissjóðs til að stofna til frekari skulda. Náist ekki samkomulag stefnir í greiðslufall ríkissjóðs með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

**BANDARÍKIN** Pattstaðan í Washington er nú harðari en nokkru sinni fyrr þar sem gjá milli flokka ógnar stöðugleika um heim allan.

Vika er síðan lokað var fyrir öll ríkisútgjöld sem ekki eru talin bráðnaðsynleg og nú stefnir allt í uppgjör næstu daga vegna skulda ríkissjóðs. Repúblikanar, sem eru í meirihluta í fulltrúadeildinni, hafa hafnað því að semja við demókrata í öldungadeildinni um lausn mála nema gildistöku nýs sjúkratryggingakerfis, sem kennt er við Barack Obama forseta, verði frestað. Slíkt taka demókratar ekki í mál.

Samkvæmt stjórnarskrá Bandaríkjanna er það þingið eitt sem hefur vald til að stofna til skulda fyrir hönd ríkisins. Núverandi lög kveða á um að skuldir skuli ekki verða hærri en 16.700 milljarðar dala, sem nemur um 2.000.000 milljörðum króna. Sú fjárhæð er til dæmis 3.400 sinnum hærri en þeir 587 milljarðar sem eru heildarútgjöld íslenska ríkisins á næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpi.

Ef ekki verður samið um að hækka skuldaþakið mun ríkissjóður ekki geta staðið undir útgjöldum og afborgunum af lánunum, sem myndi leiða til greiðslufalls með alvarlegum afleiðingum. Svipuð staða kom upp síðast þegar skuldir þokuðust nálægt löglegu marki, sumarið 2011. Þá náðu flokkarnir ekki saman fyrr en á ögurstundu og lögum um hærri skuldaþak voru staðfest sama dag og búist var við að gjaldfall yrði. Það hafði engu að síður miklar afleiðingar þar sem tiltrú neytenda dróst saman, erlendir aðilar

## Sífelld hækking skuldaþaks

Ekkert virðist þokast í átt til sátta til að koma starfsemi ríkisins aftur í fullan gang. Deilan verður jafnvel óleyst þegar 17. október rennur upp en ef hámark fyrir lántöku ríkisins, sem nú stendur í 16.700 milljörðum dala, verður ekki aukið gæti það orsakað greiðslufall ríkissjóðs.



HEIMILDIR: WHITEHOUSE.GOV, SENATE.GOV, HOUSE.GOV (C) GRAPHIC NEWS

forðuðust ríkisskuldabréf um hríð og hlutabréfamarkaðir tóku dýfu. Auk þess var lánsþæfismat bandaríska ríkisins lækkað um flokk. Flestir sérfræðingar sem hafa gefið álit sitt á framvindunni telja líklegast, í ljósi reynslunnar, að flokk-

arnir nái saman að lokum. Vandræðin varpa þó enn og aftur ljósi á það hversu stírt er milli flokka og hversu mikið ógagn kyrrstöðuástandið vinnur almenningi, efnahag og atvinnulífi þar í landi.

thorgils@frettabladid.is

## Erfiðir valkostir

Um miðjan mánuð mun bandaríska ríkið fara upp fyrir 16.700 milljarða dala þakið sem þingið setur á lántökur. Verði það ekki hækkað getur ríkið aðeins reitt sig á skatttekjur, um 250 milljarða dala á mánuði, til að standa undir rekstri ríkisins og greiða núverandi skuldir.

Fjárlög 2013-2014 – í pattstöðu á þingi	
Kostnaður við rekstur alríkisstjórnarinnar:	3.778 milljarðar
Skatttekjur:	3.034 milljarðar
Halli á ríkissjóði:	744 milljarðar (62 milljarðar á mánuði)
Handbært fé (17. október):	30 milljarðar
Heildarskuldir ríkisins:	Nær 16.700 milljarðar
Heildarskuldir á hvern skattborgara:	148.210
Vextir sem þarf að greiða af ríkisskuldabréfum 2013-2014:	222 milljarðar

*\*Allar upphæðir eru í dólum*

### Úr stjórnarskrá Bandaríkjanna

1. grein, 8. hluti: Þingið eitt hefur vald til þess að fá lánað fé fyrir hönd Bandaríkjanna.

14. stjórnarskrárviðauki, 4. hluti: „Gildi ríkisskuldur Bandaríkjanna, sem lagaheimild er fyrir, skal ekki dregið í efa.“ Þetta er túlkað með þeim hætti að skuldir skuli greiða að fullu og á réttum tíma.

**Valkostur 1**

Greiðslufall á bandarískum ríkisskuldabréfum. Þetta myndi brjóta gegn 14. viðaukanum, stórskada lánsþæfismat Bandaríkjanna, auka lántökukostnað og ýta undir aðra fjármálakreppu á heimsvísu.

**2**

Skipa ríkissjóði að gefa út meira af ríkisskuldabréfum til að standa undir útgjöldum. Einhliða ákvörðun stjórnarinnar brýtur gegn fyrstu grein stjórnarskrár og myndi gefa þinginu átyllu til að kæra Obama fyrir brot í embætti.

**3**

Forgangsráða greiðslum af lánunum, þar sem vextir yrðu efstir á blaði, og skera 600 milljarða niður af útgjöldum ríkisins, 4% af VLF. Þetta gæti valdið samdrætti á ný.

**Kröfur repúblikana:**  
Harðlinumenn hafa sett sem skilyrði fyrir því að samþykkja fjárlög og koma starfsemi ríkisins aftur í gang að hætt verði við gildistöku nýs sjúkratryggingakerfis, Obamacare.

HEIMILDIR: FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI BNA, HVÍTA HÖSÍÐ MYNDIAP © GRAPHIC NEWS

# Heilir sturtuklefar í mörgum stærðum og gerðum

## Verð frá 45.900,-



**Rúnnaðir**  
Með hvítum álköntum, stærð 80x80 og 90x90



**Rúnnaðir**  
Með krómuðum álköntum, stærð 80x80 og 90x90



**Kantaðir**  
Með krómuðum álköntum, stærð 70x70, 80x80 og 90x90



**Kantaðir**  
Heil framopnun. Hvítir álkantar. Stærð 70x70 og 80x80

Allir klefar með vatnslás, sturtusetti og tvöföldum kverklista.

Opið virka daga frá 9 til 18  
laugardaga 11 til 15  
Ármúla 31 - Sími 588 7332

Innréttingar og tæki  
i-t.is







## Náðu 5 stjörnu formi

### Breyttu línunum og tónaðu líkamann í sitt fegursta form.

Glænýtt og enn betra 5\*Fit æfingakerfi sem er byggt á einu vinsælasta æfingakerfi New York.

5\*Fit er æfingakerfi sem konur elska. Æfingarnar eru rólegar en krefjandi og gerðar til að breyta línunum líkamans á kerfisbundinn hátt. Ahersla er lögð á þægilega tónlist.

### 5 stjörnu FIT

5\* Fit æfingarnar eru sérstaklega samsettar styrktar- og teygjuæfingar sem móta fallega vöðva og grenna allan líkamann. Unnið er með eigin líkamsþyngd. Vöðvarnir eru þjálfaðir að þreytumarki eftir ákveðnu kerfi ofhleðslu og teygjuæfinga. Stífar æfingar fyrir rass, kvið og læri skila þeim grönnum, stínum og stæltum.

#### Ávinningar 5 stjörnu FIT æfingakerfisins eru m.a.:

- Fallega mótaður líkami
- Sterk miðja líkamans
- Langir og grannir vöðvar
- Sterkir og vel mótaðir rassvöðvar
- Aukið vöðvaþol
- Aukinn liðleiki
- Bætt líkamsstaða
- Aukin beinþéttni

Nýttu þér reynslu okkar og þekkingu til að ná 5 stjörnu formi. Hentar jafnt byrjendum sem vönum.



Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu og skráningu finnur þú á [www.hreyfing.is](http://www.hreyfing.is)

www.renault.is



# SPARNEYTNIR Á GÓÐU VERÐI



## RENAULT MEGANE

SPORT TOURER 1,5 l, sjálfsk. dísil

Verð: 3.890 þús. kr.

4,2

L/100 KM\*



## RENAULT CLIO

EXPRESSION 1,5 l, beinsk. dísil

Verð: 2.890 þús. kr.

3,4

L/100 KM\*



## RENAULT SCENIC

Sjálfsk. dísil

Verð: 4.290 þús. kr.

GRAND, 7 MANNA: 4.690 þús. kr.

4,7

L/100 KM\*

\*Miðað við uppgefnar eyðslutölur framleiðanda í blönduðum akstri



**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622  
Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkst. Austurlands / Egilsst. / 470 5070  
IB ehf. / Selfossi / 480 8080

# Lítill og meðalstór fyrirtæki greiða lungann úr heildarlaunum atvinnulífsins: Hlutfallið er hærra hér en í ESB

**EFNAHAGSMÁL** Lítill og meðalstór fyrirtæki greiddu lungann úr heildarlaunum í atvinnulífinu á síðasta ári. Heildarlaun í atvinnulífinu á Íslandi námu 555 milljörðum króna og greiddu lítill og meðalstór fyrirtæki tvo þriðju af þeirri upphæð.

Þetta kemur fram í úttekt Hagstofunnar sem unnin var í tilefni Smáþings sem haldin verður á Nord-

ica Hótel á fimmtudag. Á þinginu verður stofnaður nýr vettvangur fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki á Íslandi undir merkjum Litla Íslands.

Samtök atvinnulífsins og aðildarsamtök SA standa að þinginu.

Lítill fyrirtæki (með færri en 50 starfsmenn) greiddu um 44 prósent heildarlauna í atvinnulífinu

árið 2012 eða 244 milljarða króna. Örfyrirtæki (með einn til níu starfsmenn) greiddu 21 prósent launa eða 116,5 milljarða.

Hlutdeild lítilla og meðalstórra fyrirtækja í verðmætasköpuninni er hærra á Íslandi en í ESB. Hlutdeildin var 66 prósent á Íslandi árið 2012 en 58 prósent í ESB.

Tilgangur Litla Íslands er sagður að bæta rekstrarumhverfi lítilla fyrirtækja á Íslandi og að byggja upp kröftugra, betra og skemmtilegra samfélag.

- jkk



# Fastgengi sem endurskoða á mánaðarlega

Hrun fjármálakerfis heimsins skrifast á kerfisgalla, ekki einstaklinga, segir prófessor Robert Aliber. Hann leggur til að horfið verði frá flotgengi gjaldmiðla sem bjóði upp á spákaupmennsku og ýti undir óstöðugleika. Hér þurfi sveigjanleika krónunnar.

**EFNAHAGSMÁL** „Ísland þarf á að halda sveigjanleikanum sem krónan færir,“ segir Robert Z. Aliber, prófessor emeritus í alþjóðahagfræði og fjármálum við Háskólann í Chicago í Bandaríkjunum. Vegna þess hversu mikið íslenskt efnahagslíf reidur sig á útflutning á sjávarafurðum segir hann að landið yrði í afar slæmri stöðu með annan gjaldmiðil ef alvarlegt áfall yrði í greininni.

Aliber talaði á fyrirlestri sem viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands stóð fyrir ásamt Samtökum fjárfesta í hátíðarsal aðalbyggingar Háskólans í hádeginu í gær. Er þetta í fimmta sinn sem hann sækir landið heim en Aliber öðlaðist nokkra frægd hér á landi þegar hann spáði fyrir um hrunið árið 2008. Þá sagði hann í heimsókn sinni að hann teldi bankana mundu falla innan hálf-árs. Þeir féllu svo fjórum og hálfum mánuði síðar.

Í erindi sínu sagði Aliber atburðarásina í fjármálakreppunni hér og í Bandaríkjunum í meginatriðum hafa verið þá sömu. Sökudólgurinn væri gallað fjármálakerfi í heiminum. Bankarnir væru þar fremur fórnarlömb en gerendur, hvort sem um væri að ræða Lehman eða einhverja aðra.

Kennisetningar hagfræðinga sem mark hefði verið tekið á síðustu áratugi um að best væri að láta gengi gjaldmiðla fljóta sagði Aliber að hefðu reynst rangar. Kerfið hefði búið til umhverfi spákaupmennsku þar sem hætt væri við stórúföllum í efnahagslífi þjóða. Því þyrfti að horfa til þess að koma á kerfi sem næði til helstu kosta flot- og fastgengisstefnu. Hann leggur því til



**MÆTTUR** Robert Z. Aliber, prófessor emeritus í alþjóðahagfræði og fjármálum við Háskólann í Chicago í Bandaríkjunum, mættir í þéttskipaðan hátíðarsal í aðalbyggingu Háskóla Íslands í hádeginu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

## Rangur lærdómur dreginn af hruninu

Gylfi Zoëga, hagfræðiprófessor og nefndarmaður í peningastefnunefnd Seðlabankans, sem stýrði fundinum, segir að líkindi séu með hugmyndum Alibers og þeirri stýringu á gengi krónunnar sem stefnt sé að hér á landi og feli í sér meiri inngrip á gjaldeyrismarkaði. Segja megi að Aliber vilji ganga lengra og stefna að varanlegum viðskiptaafgangi sem verði enn meiri á meðan verið sé að losa um eignir erlendra krónueigenda. Þannig gæti Seðlabankinn keypt vikulega gjaldeyri á álandsgengi sem hann gæti síðan boðið upp á gjaldeyrisuppbodum og keypt krónur af erlendum krónueigendum á lægra gengi. Þegar búið er að losa um þessar eignir eigi einnig í framtíðinni að hafa varanlegan viðskiptaafgang til þess að líffeyrissjóðir geti fjárfest erlendis. Mikilvægt sé fyrir lítill hagkerfi að fjárfest sé utan þeirra. Erlendar eignir muni auka fjármálegan stöðugleika. Þá megi ráða af orðum Alibers að fólk dragi þann lærdóm af kreppunni að sparnaður sé af hinu góða og skuldir séu varasamar. „En í stað þessara gömlu gilda hefur fólk kannski fremur lært að skuldarar eigi að fá niðurfellingu og að ef skuldirnar séu erlendar megi ganga frá þeim.“

að lönd stýri gjaldeyrisflæði í fastgengisstefnu sem yrði endurskoðuð mánaðarlega. Með því megi tempra sveiflur og koma í veg fyrir áhrif spákaupmennsku á gjaldmiðlamarkaði og draga úr skaðlegum áhrifum innflæðis erlends fjármagns. Hér á

landi hafi innflæði gjaldeyris fyrir hrun styrkt krónuna úr hófi og ýtt undir bólu myndun sem svo endaði með ósköpum.

Í dag fundar Aliber meðal annars með sérfræðingum Seðlabanka Íslands.

olikk@frettabladid.is



## BANNER STARTGEYMAR

Í FLESTAR GERÐIR FARARTÆKJA

Banner startgeymar í allar stærðir ökutækja t.d. mótorhjól, fjórhjól, vélsleða, dráttarvélar, vörubíla, vinnuvélar, jeppa og fólksbíla.

Eigum einnig til start- og neyslugeyma fyrir báta, fellihýsi og hjólhýsi.

Banner geymar eru framleiddir í evrópu.

N1 VERSLANIR | N1 BÍLAPJÓNUSTA | SIMI 440 1100 | WWW.N1.IS

Meira í leiðinni



# Creative Live

## Ókeypis námstefna

í samvinnu við Adobe Systems Europe

Grand Hótel Reykjavík – fimmtudaginn 17. október kl. 9-17.

Hefst á opnunarkynningu á Adobe Creative Cloud. Síðan verða fyrirlestrar í tveim sölum:

### Hvammur

#### ■ Ljósmyndun I

Hagræðing á nútíma verkferlum fyrir ljósmyndara. Frá Lightroom til Photoshop, lagfæringar, gera athugasemdir í gegnum Skýið, færa sig yfir í Behance og nota ProSite sýningarmöppur til að kynna verkin þín.

hlé

#### ■ Ljósmyndun II

Nýta sér að fullu nýjungar í Lightroom 5 og Photoshop CC. Farið yfir allar nýjungarnar og hvernig hver og ein þeirra nýtist best.

matarhlé

#### ■ Vefsíðugerð (endurtekið)

Að hanna gagnvirkt HTML án þess að kóða í Adobe Muse CC. Áhersla á að smíða smávefi á auðveldan hátt sem eru viðbragðsfljótir og tilbúnir fyrir farsíma og spjaldtölvur.

hlé

#### ■ Creative Cloud krufið

Allt sem þú þarft að vita um Adobe Creative Cloud. Allt fullt af tólum, þjónustum og aðgerðum. Þessi fundur mun fara yfir forritin sem þú hefur aldrei heyrt um s.s. Edge Tools forritin.

### Gallerí

#### ■ Vefsíðugerð

Að hanna gagnvirkt HTML án þess að kóða í Adobe Muse CC. Áhersla á að smíða smávefi á auðveldan hátt sem eru viðbragðsfljótir og tilbúnir fyrir farsíma og spjaldtölvur.

hlé

#### ■ Rafræn útgáfa

Notið kunnuleg verkfæri til að framleiða gagnvirkt efni til að setja á spjaldtölvur. Bætið við gagnvirkni í InDesign, notið Foilo Builder til að bæta við efni og loks Digital Publishing Suite til að koma meistarverkinu í sölu á Apple App Store.

matarhlé

#### ■ Ljósmyndun II (endurtekið)

Nýta sér að fullu nýjungar í Lightroom 5 og Photoshop CC. Farið yfir allar nýjungarnar og hvernig hver og ein þeirra nýtist best.


hlé

#### ■ Kvikmyndavinnsla

Breyttu DSLR video í fagmannlega kvikmynd með því að nota bæði Photoshop og Premiere Pro CC.

Fyrirlestrar eru á ensku.

Mikilvægt er að þátttakendur skrái þátttöku á eftirfarandi slóðum:  
[www.hugbunadarsetrid.is](http://www.hugbunadarsetrid.is)  
[www.epli.is](http://www.epli.is)



HUGBÚNAÐAR  
SETRIÐ

epli.is

Ríkisstjórnin vill einkaframkvæmd í samgöngum:

## Borað og borgað

**I** fjárlagafrumvarpinu kemur fram vilji ríkisstjórnarinnar til að einkaaðilar taki þátt í samgöngubótum hér á landi á næstu árum. Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að Vegagerðinni hefði verið falið að skoða hvaða verkefni væru fýsileg í vegamálum. Jafnframt kæmi til greina að einkaaðilar tækju þátt í uppbyggingu hafna og flugvallar.

Við núverandi aðstæður, þar sem ríkissjóður er í mjög þröngri stöðu, er fullkomlega eðlilegt að skoða möguleika á að fá nýja peninga inn í samgönguframkvæmdir með nýjum aðferðum. Það hlýtur líka í rauninni að vera skilyrði þess að byggja samgöngumannvirki í einkaframkvæmd að það séu raunverulega einkaaðilar sem fjármagna verkin og taka áhættuna en skattgreiðendur borgi ekki brúsann á endanum.

Þetta á aðeins við um eina samgönguframkvæmd hér á landi til þessa; Hvalfjarðargöngin. Þar var áhætta ríkisins af framkvæmdinni lítil og notendur ganganna greiða síðan sjálfir kostnaðinn. Þegar göngin eru að fullu greidd eignast ríkið þau. Vaðlaheiðargöngin eru sögð gerð í einkaframkvæmd. Það er blekking af því að skattgreiðendur lána fyrirtækinu peninga sem óvist er að fáist til baka vegna hæpinna forsendna um meðal annars umferðarþróun og lánskjör. Vonandi er ríkisstjórnin ekki með hugmyndir um fleiri slíkar „einkaframkvæmdir“.

Hvað hafnir og flugvelli varðar hlýtur einkarekstur að koma vel til greina í ýmsum tilvikum. Til dæmis má vel hugsa sér að einkafyrirtæki reki Leifsstöð og beri fjárhagslega áhættu af nauðsynlegri stækkun hennar til að anna stóraukinni umferð – en njóti jafnframt ávinningsins ef því tekst að skapa nægilegar tekjur af viðskiptum flugfélaga og verzlun ferðamanna.

Innanríkisráðherrann nefnir að einkafyrirtæki hafi áhuga á hafnarframkvæmdum í tengslum við auknar siglingar um norður-slóðir. Það væri raunar fráleitt að skattgreiðendur legðu fé til slíkra framkvæmda vegna þeirrar áhættu sem þær fela í sér, en sjálfsgætt að einkaaðilar hætti peningunum sínum.

Í vegamálum segir ráðherrann það skilyrði að íbúar og vegfarendur eigi kost á annarri leið – eins og á við í Hvalfirðinum. Þetta liggur út af fyrir sig í augum uppi. Það eru hins vegar ekki óskaplega margir samgöngukostir sem þetta ætti við um. Eigi að vera nægileg umferð um vegina og göngin til að notendagjöld standi undir þeim, þyrftu þessar framkvæmdir flestar að vera á Suðvesturlandi, þar sem umferðin er þéttust. Sundabraut gæti verið slík samgöngubót, enda hefur áður verið skoðað hvort hún gæti farið í einkaframkvæmd.

Þá geta menn sagt sem svo að lítið réttlæti sé í því að láta höfuðborgarbúa borga fyrir þessa hagkvæmu samgöngubót en rukka engan fyrir afnot af mun óhagkvæmari framkvæmdum eins og jarðgöngunum sem boruð eru í gegnum fjöll víða um land. Á móti kemur að valdahlutföllin á Alþingi eru enn þá þannig að framkvæmdirnar úti um land eru mun líklegri til að fá fjárveitingu en samgöngubætur á suðvesturhorninu.

Á næstu árum er ekki víst að höfuðborgarbúar fái samgöngubót eins og Sundabraut nema borga sjálfir fyrir að nota hana. Sennilega hefðu Hvalfjarðargöngin enn ekki verið boruð nema af því að það var gert í einkaframkvæmd og notendur borga.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



## HÚSNÆÐI FYRIR LÍKAMSRÆKTARSTÖÐ

Eik fasteignafélag leigir 678 m<sup>2</sup> líkamsræktarstöð í Skeifunni

Húsnæðið er innréttað með stórum búningsherbergjum og hentar fyrir hvers konar íþróttaiðkun, dans eða félagsstörf. Áður CrossFit Reykjavík.

Upplýsingar eru veittar í síma 590 2200 eða með tölvupósti á utleiga@eik.is



### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Allt hitt

Um þessar mundir eru fimm ár frá hrúni og af því tilefni verður varla þverfótað fyrir frásögnum þar sem hitt og þetta hruntengt er rifjað upp. Annað hvert Facebook-sjálfið hefur rifjað upp hvar það var stutt þegar það hlýddi á dramatískt ávarp Geirs H. Haarde og fjölmiðlar birta hrunsannála dag eftir dag. En það var hins vegar fleira sem gerðist á Íslandi á þessum örlagatímum en hrún efnahagslífsins. Líttum á nokkur dæmi:

#### Trúður án tyggjókúlu

Greint var frá því að minnar væru að

hverfa af Tjörnesi og veiðimenn voru nokkuð rognir með árangurinn.

**Baltasar Kormákur** kynnti líka áform um víkingamynd sem hann hugðist leikstýra á Íslandi og ekki mátti ráða annað af fréttunum en að gengið hefði verið frá sjö milljarða króna fjármögnun fyrir hana.

Hún hefur þó aldrei orðið. Og svo var það Tyggjótúðurinn frá Kjörís – tilkynnt var að tyggjókúlan yrði fjarlægð

úr honum svo að hún gæti ekki hrokkið ofan í börn.


#### Norn, tóbak og risahús

Og það var meira á seyði í þessari viku: Árni Þórarinnsson gerði það gott í Frakklandi með Tíma nornarinnar, KR-ingar urðu bikarmeistarar í karlafótbolta, þingkonan **Ásta Möller** vildi hætta að selja tóbak í Fríhöfninni á Keflavíkflugvelli vegna lýðheilsusjónarmiða og það var kannski víðeigandi að sunnudaginn 5. október 2008 var Korputorg opnað, sem er enn eitt alstærsta hús landsins. Það

er sem sagt ljóst að Íslendingar hefðu haft kappnóg að smjatta á þótt hér hefði ekkert hrúnið.

stigur@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Aukin hagsmunagæsla í Evrópusamstarfi

### EVROPUMÁL



Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra

Evrópa er okkar mikilvægasti útflutningsmarkaður. Þangað fara um 80% af okkar vöruútflutningi í dag og rúm 60% af okkar innflutningi eru frá Evrópu.

Það er að mínu mati nauðsynlegt að styrkja okkar hagsmunagæslu í Evrópusamstarfi. Fjárlagafrumvarpið markar fyrstu skref að þessu markmiði þar sem lagt er til að varið verði auknu fjármagni í EES-samstarfið.

Íslensk löggjöf fylgir á flestum sviðum evrópskri löggjöf. Ástæða þessa er EES-samningurinn. Með honum hefur Ísland verið hluti af innri markaði ESB frá árinu 1994 en samningurinn gefur aðgang að 500 milljóna manna markaði 28 ríkja ESB, auk Noregs og Liechtenstein.

EES-samningurinn er gríðarlegt hagsmunamál. Samningurinn tryggir frelsi í viðskiptum með vörur, fjármagn og þjónustu. Hann tryggir einstaklingum frelsi til að flytjast á milli landa, stunda atvinnu og sækja menntun. Þótt landbúnaðarstefna og sjávarútvegsstefna ESB falli ekki undir samninginn tryggir hann greið viðskipti með landbúnaðarvörur og sjávarafurðir. Allar reglur um heilbrigði matvæla falla til dæmis undir EES.

EES fjallar einnig um umhverfismál, samkeppnismál, orkumál, ríkisaðstoð við

→ EES snertir daglegt líf hvers Íslendingis.

atvinnulíf, stuðning við vísindi, menntun og menningu svo eitthvað sé nefnt. Samningurinn er gangverk viðskipta við Evrópu.

Með þátttöku í EES hafa EFTA-ríkin skuldbundið sig til að tryggja að löggjöf sé samræmd ESB á fjölmörgum sviðum. Því er nauðsynlegt að stjórnvöld tryggi að hagsmunum Íslands sé sterklega haldið fram þegar löggjöf er mótuð innan EES, sem síðar verður löggjöf á Íslandi. Sem sveitarstjórnarmaður, alþingismaður og nú utanríkisráðherra þekki ég vel hve umfangsmikill þáttur löggjafarstarfs er tengdur EES, ekki bara á Alþingi eða í ráðuneytum heldur einnig á vettvangi sveitarstjórna. EES snertir daglegt líf hvers Íslendingis.

Af þessum ástæðum verður að efla hagsmunagæslu Íslands innan EES. Á það hefur verið bent, síðast með samþykkt þingsályktunar fyrir á þessu ári. Með þetta í huga er mikilvægt að hrinda í framkvæmd aðgerðum í þessu skyni. Forgangsraða þarf þannig að sjónarmið Íslands komi fram í löggjafarstarfi strax á fyrstu stigum mála.

# Ég man þig og þú manst...?

**HEILSA**  
Teitur Guðmundsson læknir



Þegar maður er ungur, sprækur og í blóma lífsins er vanalega ekki mikið verið að eyða tímanum í að hugsa um öldrun eða það að verða gamall. Það er svo margt annað sem fangar hugann. Hið sama gildir alla jafna um sjúkdóma. Það er ekki fyrr en viðkomandi verður veikur eða einhver sem er náinn honum að hann staldrar við og fer að velta hlutunum meira fyrir sér. Það er eðlilegt og kannski bara hollt að hafa ekki of miklar áhyggjur af framtíðinni. Ef maður skoðar allt það sem getur komið upp á gæti það valdið vanlíðan og kvíða sem líklega myndi bara ýta undir heilsuleysi viðkomandi. Sumir segja jafnvel að það sé engu hægt að breyta hvort eð er en þeir hafa rangt fyrir sér.

Við getum haft áhrif og við eigum að gera það sem í okkar valdi stendur til þess að viðhalda heilsu og vellíðan. Auðvitað er þó enginn sem stoppar tímann. Eitt af því sem hræðir marga við það að eldast er að verða minniskertur, vera úti á þekju eins og einhver kallaði það, og þannig ekki lengur eins virkur þátttakandi í daglegu lífi, jafnvel hættulegur sjálfum sér og öðrum og þurfa mikinn stuðning við flestar athafnir daglegs lífs. Alzheimer-sjúkdómur er þarna hvað þekktastur og algengastur. Hann er alla jafna tengdur við þá sem eldri eru, eða yfir 65 ára, þótt hann geti komið fram fyrr. Sá sjúkdómur er ólæknanlegur og vitað fyrir víst að hann þróast á verri veg með tímanum.

## Greina þarf á milli

Við vitum ekki enn nákvæmlega hvað veldur Alzheimer-sjúkdómi en meirihluti tilfella er samspil erfða, lífsstíls og umhverfisþátta sem með tímanum eyðileggja taugafrumur með þeim afleiðingum að veruleg truflun verður á eðlilegri starfsemi heila og taugakerfis. Þar má nefna einna helst minnstruflanir, erfiðleika við að lesa umhverfi sitt og óáttun, máltruflanir, ritörðugleika auk þess að tapa lesskilningi, að taka órök- réttar ákvarðanir, verkstól, kvíða, skapsveiflur, svefntruflanir og ýmislegt fleira sem þessir einstaklingar og aðstandendur þeirra finna fyrir. Félagslegur stuðningur auk lyfja, þjálfunar, bætiefna og

Hins vegar er fjöldinn allur af einstaklingum með minnstruflanir sem byggja á sjúkdómum eða vanda sem hægt er að lækna.

næringar er þekkt og hafa áhrif en lækna ekki sjúkdóminn, markmiðin eru að stuðla að heilsusamlegri lífni og draga úr líkum á hjarta- og æðasjúkdómum hjá þessum einstaklingum.

Það eru þó fleiri sjúkdómar sem geta valdið minnstruflun sem svipar til Alzheimer-sjúkdóms og þarf að greina þar á milli. Þá er vel þekkt að næstalgengasta ástæða vaxandi minnstruflana er á grunni æðasjúkdóma þar sem æðakölkun leikur aðalhlutverk. Slíku er hægt að sporna gegn með heilbrigðu lífni og sérstaklega því að reykja ekki. Við vitum að sumir sjúkdómar og áverkar ýta beint eða óbeint undir minnisskerðingu með sjúkdómangangi sínum og má þar nefna sem dæmi Parkinson-sjúkdóm, HIV-sýkingu, eftirstöðvar höfuðáverka eftir sly og íþróttaiðkun með ítrekuðum höfuðhöggum. Þetta eru allt vanda- mál sem er erfitt að snúa við, þróast alla jafna til verri vegar og við höfum ekki góð ráð til að leysa.

## Forvarnir

Hins vegar er fjöldinn allur af einstaklingum með minnstruflanir sem byggja á sjúkdómum eða vanda sem er hægt að lækna. Því er nauðsynlegt að finna þá og greina rétt svo þeir séu ekki stimplaðir með ólæknandi minnstruflanir. Fólk á öllum aldri getur lent í slíku og þarf ekki að vera nein tenging við öldrun eða hrörnun. Sýkingar eins og heilahimnu- og heilabólgur, lyme-sjúkdómur og ómeðhöndluð sárasótt eru sjaldgæfari vandi. Bætiefnaskortur, eins og lágt B12, B6 og B1, salttruflanir í líkamanum, skjaldkirtils- vandir, eitranir og óhófleg áfengisneysla geta haft veruleg áhrif á minnið og heilastarfsemi almennt. Þá gleymist oft að súrefnisskortur sem getur verið krónískur hefur veruleg áhrif og þar sem hann er líklega mjög algeng orsök og til- tölulega auðmeðhöndlanlegur ætti að muna eftir því hjá þeim sem eru mögulega með kæfisvefn, lungna- sjúklingum og auðvitað einnig lengra gengnum hjartasjúklingum með hjartabilun.

Það á því við eins og svo oft áður að forvarnir og heilbriggt lífni skipta verulegu máli, líka fyrir heilann!

# Hjálpið okkur að hjálpa öðrum

Ég er í ungmennaráði í Æskulýðsfélaginu saKÚL í Árbæjarkirkju. Við sem erum í ungmennaráðinu tökum þátt í öllum meiri- háttar ákvörðunum um starfið í vetur í saKÚL með leiðtogum okkar. Æskulýðsfélagið okkar heitir reyndar Lúkas en við í ungmennaráðinu ákváðum að það væri meira töff að lesa það aftur á bak.

## SAMFÉLAG



Anna Lilja Steinsdóttir nemandi í 9. bekk og meðlimur í ungmennaráði saKÚL

æskulýðsfélaginu saKÚL hinn 15. nóvember næstkomandi að halda Biblíumarabon og lesa Lúkasarguðspjallið í tólf tíma. Peningurinn sem við söfnum rennur til tækja- kaupa á Landspítalanum svo hægt sé að kaupa línuhraðal, eins og Agnes biskup biður okkur um. Við þekkjum flest einhvern sem hefur fengið krabbamein og ef við getum hjálpað fólki með krabbamein og öðru fólki

→ Okkur langar að gera góðverk og skemmta okkur í leiðinni.

í vanda erum við alveg til í það. Við skorum á önnur æskulýðsfélög að gera slíkt hið sama og reyna að safna meiri peningum en við í saKÚL. Marabonið hefst 15. nóvember klukkan 22.00 og stendur til klukkan 10.00 um morguninn. Við yrðum rosalega glöð ef fólk gæti styrkt okkur með áheimum og hjálpað okkur að hjálpa öðrum.



## Njótið lífsins í íbúðum fyrir 60+

Boðaping 22-24 Kópavogi

### Kynnið ykkur kostina

- |                  |                         |
|------------------|-------------------------|
| <b>Íbúðir</b>    | <b>Þjónustumiðstöð</b>  |
| • Leiguíbúðir    | • Innangengt frá íbúðum |
| • Öryggisvöktun  | • Innisundlaug          |
| • Frábært útsýni | • Hádegismatur          |
| • Þúttvöllur     | • Fjölbreytt afþreying  |
| • Íbúáþjónusta   | • Sjúkraþjálfun         |
| • Gott aðgengi   | • DAS klúbbur           |
| • Gönguleiðir    | • Hárgreiðsla           |



### Íbúðir sýndar alla virka daga

Hafið samband í síma 585 9302 og hjá thuridur.gunnarsdottir@hrafnista.is

NAUSTAVÖR  
Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur

Sjómannadagsráð  
í Reykjavík og Hafnarfjörðum

dás HRAFNISTA  
Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur

# ÖRUGGT START



## MEÐ EXIDE RAFGEYMMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Exide rafgeymarnir fást hjá:



HANSA \* MARGRÉT EIR \* HERA BJÖRK \* REGÍNA ÓSK \* VALA GUÐNA \* KOLBEINN KETILSSON  
GARDAR THÓR CORTES \* JÓHANN FRÍÐGEIR \* FRÍÐRIK ÓMAR \* MARCUS DAWSON \* PÁLL RÓSINKRANZ



*Dívurnar*

*Tenó*

*Vinsælasti tónlistarviðburður allra tíma  
hér á landi kveður með óviðjafnanlegum  
lokatonleikum í Höllinni*

UPPLIFUM FREMSTU TÓNLISTARMENN ÞJÓÐARINNAR  
Á STÆRSTA SVIÐI LANDSINS Í GLÆSILEGRI UMGJÖRÐ

Sérstakir gestir verða dívurnar Erna Hrönn, Gréta Salóme, Guðrún Árný & Heiða Ólafs

Alls koma fram 17 einsöngvarar, 30 manna stórhljómsveit, 200 manna hátíðarkór og fleiri gestir. Glæsileg ný sviðsmynd hefur verið hönnuð eingöngu fyrir þessa lokatonleika sem við ætlum að verði þeir glæsilegustu sem sést hafa hér á landi. Fjölmennum í Höllina - og leyfum jólunum að koma með Frostrósum!

STÓRHLJÓMSVEIT FROSTRÓSA ❁ 200 MANNA HÁTÍÐARKÓR ❁ STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR ❁ ENGLAKÓR DOMUS VOX ❁ ÍSLENSKI GOSPELKÓRINN  
STJÓRNANDI: ÁRNI HARÐARSON ❁ TÓNLISTARSTJÓRI: KARL OLGEIRSSON



*rar* & stórsöngvarar

MÍÐASALA  
HEFST  
15. OKT. Á  
*mid.is*

— 2013 —  
**FROSTRÓSIR**

LAUGARDALSHÖLL 21. DESEMBER KL. 16.30 & 21.00

VIÐ PÖKKUM  
bakhjörnum okkar og helstu samstarfsaðilum  
fyrir ómetanlegan stuðning gegnum árin



Gratísk hönnun: Bjarni - nothing.is

# Mannréttindavernd er ekki munaður

Þegar herðir að ríkisbúskapnum er hættara við að braki í grunnstöðum samfélaga. Í slíkum aðstæðum eru sumir hópar berskjaldaðri en aðrir fyrir niðurskurði í ríkisrekstri. Á meðal þeirra eru minnihlutahópar eins og heyrnarlausir og heyrnarskertir, sem hafa í áratugi barist fyrir því að grundvallarmannréttindi þeirra séu varin. Þótt enn sé langt í land hefur heilmikið áunnist.

Þannig er íslenskt táknmál jafnréttihátt talaðri íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna hér á landi og ber ríki og sveitarfélögum lagaleg skylda til að tryggja að allir sem þessa þurfa eigi kost á þjónustu á íslensku



Hrefna Dögg Gunnarsdóttir lögmaður

táknmáli svo sem kveðið er á um í 13. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61 frá 2011. Lögin kveða jafnframt á um að óheimilt sé að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota. Með slíkri lögfestingu verður að telja að ríkið hafi þar með undirgengist þá skyldu að veita heyrnarlausum og heyrnarskertum sömu tækifæri og öðrum til þátttöku á hinum opinbera vettvangi, svo sem við stjórn lands síns, í samskiptum við yfirvöld og dómstóla og til að njóta menntunar. Forsenda þess að geta tekið virkan þátt í samfélaginu með þeim hætti er að geta tekið við upplýsingum og tjáð sig, bæði á opinberum vettvangi og

ekki síður í daglegu lífi sem þarf ekki nauðsynlega að tengjast samskiptum við hið opinbera, til dæmis á almennum vinnumarkaði.

## Stjórnarskrárvarin réttindi

Að auki má benda á markmið laga um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra nr. 129 frá 1990 sem kveða á um að lögum sé ætlað að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls heyrnarlausra. Lögfesting framangreinds ákvæðis ber með sér að þjónusta við heyrnarlausra og heyrnarskertra skuli ekki takmörkuð við hið opinbera. Með þessum hætti hefur löggjafinn útfært stjórnarskrárvarin réttindi til félagslegrar aðstoðar og bann við mismunun.

Af fréttum að dæma er ljóst að skorið hefur verið niður í framlögum ríkisins til túlkabjónustu og nú er svo komið að ýmis þjónusta sem er nauðsynleg heyrnarlausum í daglegu lífi, svo sem þjónusta með textasíma og myndsíma, hefur verið felld niður vegna fjárskorts. Vernd þessara grunnréttinda heyrnarlausra og heyrnarskertra hefur því verið færð neðar í forgangsröðina – aftur.

Þó að ríkjum sé játað svigrúm til að bregðast við lakara efnahagsástandi er ekki svo að stjórnvöld hafi óbundnar hendur af lögum ríkisins eða alþjóðlegum mannréttindasamningum og yfirlýsingum sem þau hafa undirgengist. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur fjallað um slíkt svigrúm ríkja og í margvíslegu samhengi komist

→ **Heyrnarlausum og heyrnarskertum liggur á svari við því hvort mannréttindi séu munaður.**

að þeirri niðurstöðu að minni fjármunir ríkissjóðs réttlæti ekki brot gegn skyldum ríkis samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu (sjá t.d. MDE: Burdov g. Rússlandi í máli nr. 59498/00, málsgr. 35).

Það hefur stundum verið sagt að dýrt sé að vera fátækur og augljóst að þegar harðnar í ári þurfi að beita köldu mati við að skera niður munað. Það er flestum ljóst að vernd grundvallarmannréttinda kostar fjármuni. Heyrnarlausum og heyrnarskertum liggur á svari við því hvort mannréttindi séu munaður.

# Þátttaka lækna í sjúkraflugi

Árið 1997 var miðstöð sjúkraflugs á Íslandi flutt til Akureyrar þar sem hún hefur verið síðan. Fyrir því þóttu liggja ýmis rök, ekki síst lega staðarins. Frá Akureyri má ná til flestra flugvalla á landinu á þremur stundarfjórðungum.

Fyrstu fimm árin var flugið aðeins mannað sjúkraflutningamönnum frá Slökkviliði Akureyrar. Í mars 2002 hófu lækna á Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilsugæslustöðinni á Akureyri að sinna lækniþjónustu í fluginu. Sú þjónusta hefur haldist bláþráðalítið í 11 ár. Starfsemi er orðin viðamikil og eru farin um 500 flug á ári. Þjónustusta lækna er krafist í rétt innan við helmingi þeirra. Sjúkraflugið er

nú sjálfsgödur hluti af heilbrigðisþjónustu landsmanna. Þykir nauðsynlegt að þeir hafi jafnan aðgang að þessu öryggisneti. Munu heilbrigðisstarfsmenn víða um land geta borið því vitni að þessi þjónusta hafi verið allgóð.

Fluglækni hefur verið greitt bakvaktakaup utan dagvinnutíma og yfirvinnutaxti í útkalli. Dagvinna hefur ekki verið greidd. Því hafa lækna sem fara í útköll á dagvinnutíma þurft að hlaupa frá verkum og samstarfsfólk að ganga í þau. Það veldur óhagræði og óþægindum fyrir vinnufélaga og sjúklinga.

Viðbótarfjárveiting fékkst árið 2012 sem nam 20% stöðugildi. Það dugar einungis til að halda utan um

vaktaskema, búnað og kennslu. Eftir sem áður er enginn læknir í fullu starfi við að sinna því mikilvæga starfi sem sjúkraflugið er. Þessu riður á að breyta.

Ekki er gott að þátttaka lækna í sjúkraflugi á dagvinnutíma byggist á miskunnsemi deilda sem hafa hann í vinnu. Slík frumherjahugsun endist ekki að eilífu. Vinnuveitendur útkallslækna þreystast að lokum á endalaus brotthvarfi og taka að synja um notkun hans. Í framtíðinni þarf að koma þessari starfsemi í horf sem hún á skilið og ekki byggir á góðmennsku og sjálfboðastarfi. Það verður best gert með því að ráðinn sé umsjónarlæknir að sjúkrafluginu í fullt starf. Hann sinni

útköllum á dagvinnutíma, skipuleggi vaktir og menntun og þrói starfið. Með því yrði læknamönnun sjúkraflugs stöðugri til lengri tíma og drægi úr hættu á að starfsemi koðnaði niður. Hún fengi þann sess sem hún hefur í raun áunnið sér fyrir löngu. Þetta fyrirkomulag þarf að tryggja sem fyrst.

Forsvarsmenn sjúkraflugs hafa sótt um fjárveitingu til velferðaráðuneytisins. Þeir vænta þess að stjórnvöld horfi ekki fram hjá mikilvægi málsins. Undanfarin misseri hefur verið upp og ofan hvernig gengur að manna læknaþjónustu á landsbyggðinni. Á sama tíma hefur dregið úr sjúkráhusstarfsemi í fámennari byggðum. Fyrir vikið

→ **Það er alls ekki hættandi á að láta þessa þjónustu leggjast af...**

mun sjúkraflugi gegna stærra hlutverki á komandi tímum. Það er alls ekki hættandi á að láta þessa þjónustu leggjast af út af einum saman sparnaði, niðurskurði og skamm-sýni. Hér þarf að láta verkin tala.

Hildigunnur Svavarsdóttir framkvæmdastjóri bráða-, fræðslu- og gæðasviðs

Pálmí Óskarsson forstöðulæknir slysa- og bráðamóttöku

Stefán Steinsson umsjónarlæknir sjúkraflugs

Sigurður E. Sigurðsson framkvæmdastjóri lækninga

## GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ 500 ÞÚS. KR. KAUPAUKI FYLGIR QASHQAI



### NISSAN QASHQAI DÍSIL 4WD VERÐ FRÁ 4.990 ÞÚS. KR.

Peir sem kaupa Qashqai eru að leita að fallegum fjórhjóladrifnum bíl sem er hagkvæmur í rekstri og góður í endursölu.

**Qashqai eyðir einungis frá 4,6 l/100 km**

Qashqai 1,6 dCi beinsk.  
Verð: 4.990 þús. kr.

Qashqai+2 1,6 dCi beinsk. 7 manna  
Verð: 5.390 þús. kr.

Qashqai 2,0 bensín, sjálfsk.  
Verð: 5.790 þús. kr.

Qashqai 2,0 dCi sjálfsk.  
Verð: 6.090 þús. kr.

### KAUPAUKI AÐ ANDVIRÐI 500 ÞÚS. KR.

- Vetrardekk
- Dráttarbeisli
- iPad 32 GB



BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.bilahusid.is  
421 8808

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## HOLLT OG METTANDI

Egg eru mjög næringarrík og mettandi fæða. Þau innihalda mikið af prótínum, hollum fitusýrum og vítamínum, til dæmis D-vítamíni. Engin kolvetni eru í eggjum en þau eru góður orkugjafi. Margir fá sér egg í morgunmat í staðinn fyrir brauð.

OLANG

FYRIR DÖMUR OG HERRA  
Verð: 24.000,-



NÝ SENDING!  
AF VINSÆLU KULDASKÓNUM  
MEÐ MANNBRODDUNUM

Parisar TIZKAN B/A/S/L/E/R

Skipholti 29b • S. 551 0770

## EKKI LÁTA VERKI STÖÐVA ÞIG!

**GENGUR VEL KYNNIR** Nutrilenk hefur hjálpað ótrúlega mörgum sem hafa fundið fyrir stirðleika eða verkjum í skrokknum og í raun hefur fólk oft öðlast nýtt líf, segir Gígja Þórðardóttir sjúkraþjálfari.

Nutrilenk Gold er hentugt fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski og slitnum liðum en Nutrilenk Active fyrir þá sem þjást af stirðleika og verkjum í liðum þar sem það hefur jákvæð áhrif á liðvökvann. „Reyndar nota margir báðar tegundirnar saman með frábærum árangri,“ segir Gígja Þórðardóttir sjúkraþjálfari.



GÍGJA ÞÓRÐARDÓTTIR

Hreyfing er eitt öflugasta meðalið til að viðhalda andlegri og líkamlegri heilsu. Margir veigra sér við að hreyfa sig sökum stirðleika eða verkja en langar virkilega að taka þátt og efla heilsuna. „Þessir stoðkerfisverkir geta verið af ýmsum toga og sjálfsgat að láta fagfólk aðstoða sig með leiðir til að bæta daglegt líf og færni en áralöng reynsla og rannsóknir á Nutrilenk gefa til kynna að það hjálpi til við að auka heilbrigði liðanna, minnki verki og stirðleika og auki þar með hreyfigetu og færni. Margir lækna mæla með Nutrilenk og sjúkraþjálfarar, kírópraktorar og einkaþjálfarar hafa góða reynslu frá sínum skjólstaðingum,“ segir Gígja. „Við heyrum frábærar reynslusögur af fólki sem getur ekki án Nutrilenk verið og greinilegt að það bætir lífsgæði margra.“

### UNNIÐ ÚR HÁKARLABEINUM OG HANAKAMBI

Nutrilenk Gold er gert úr sérvöldum fiskibeinagrindum, aðallega úr hákarlabeinum, sem samkvæmt rannsóknum eru rík af virku og nýtanlegu kondritíni, kollagenum, mangani og kalki og hjálpa til við uppbyggingu brjóskis og geta komið í veg fyrir frekari liðskemmdir. „Nutrilenk Active er hins vegar gert úr vatnsmeðhöndluðum hanakambi sem inniheldur hátt hlutfall af náttúrulegu efni, svokallaðri hýalúrónsýru, sem getur aukið liðleika og séð til þess að liðirnir séu vel smurðir svo fólk geti til dæmis hreyft sig af fullum krafti án hindrana,“ segir Gígja og bætir við að margir þeir sem stunda ákafar æfingar þar sem reynir hugsanlega óhóflega á liðina hafi bætt árangur sinn með inntöku á Nutrilenk. „Við hvetjum fólk auðvitað til að hugsa



ÁNÆGÐUR MEÐ NUTRILENK Atli Viðar Björnsson knattspyrnumaður.

MYND/VALLI

### Gott byggingarefni fyrir liðbrjóskið

Ingui Hrafn Jónsson fjölmiðlamaður

„Eftir vikunotkun á Nutrilenk Active hvarf sársaukinn í hnjúnum.“



vel um heilsuna, beita líkamanum rétt og hvílast til að varðveita liðheilsu en alls ekki að láta stirðleika og verki hindra sig í að lífa aktívu lífi. „Nutrilenk fæst í heilsuhillum stórmarkaða, heilsuþúðum og apótekum. Nánari upplýsingar á gengurvel.is.

### HVER ER MUNURINN Á NUTRILENK ACTIVE OG NUTRILENK GOLD?

NUTRILENK Active er hentugt fyrir þá sem þjást af stirðleika og verkjum í liðum. Það hefur jákvæð áhrif á liðvökvann.

NUTRILENK GOLD er hentugt fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski og slitnum liðum.



### GÓÐ HJÁLPA

„Eftir töluverð hnemeiðsli hjá mér síðustu ár er ég sannfærður um að Nutrilenk hefur hjálpað mér að halda áfram að gera það sem mér þykir skemmtilegast – að spila fótbolta!“

Atli Viðar Björnsson, knattspyrnumaður og markakóngur

Stór sending frá **MARIPÉ** Verð 28.980



hjá Hrafnhildi

• Engjateigur 5  
• Sími 581 2141  
• www.hjrahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18

laugardaga frá kl. 10-16

## Flottur



MELISSA  
fæst D-G skálar  
á kr. 11.850,-  
buxur í stíl kr. 5.900,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366  
Þú mætir - við mælum og aðstoðum  
www.misty.is  
Opið frá 10-18 virka daga.  
Laugardag Nú opið frá kl 10-14

Vertu vinur

Stuðningsstöngin

## LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 8000 ánægðir notendur á Íslandi

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á ádra. Margir liðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og lækna hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstaðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gíslöft.

Vilji  
vilji.is

...léttir þér lífið

Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.

## BORÐAR ÞÚ RÉTT?

**CrossFit**  
30-40-30

1.690 kr

**Culiacan**  
Suðurlandsbraut 4a  
533 1033 www.culiacan.is



# ÓMEGA-3 ER EKKI SKAÐLEGT

**FRÓÐLEIKUR** Haldin verður ráðstefna um ómega-fitusýrur á fimmtudaginn. Jónhanna Eyrún Torfadóttir er einn fyrirlesara og fjallar um hvort tengsl séu á milli neyslu ómega-3 fitusýra og krabbameins í blöðruhálskirtli.

Í doktorsverkefni mínu skoðaði ég hvort tengsl væru milli næringar á þremur æviskeiðum, unglingsárum, miðjum aldri og á efri árum, og áhættu á að greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli,“ segir Jónhanna Eyrún Torfadóttir, rannsóknarsérfræðingur í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands. Hún mun fjalla um niðurstöður rannsókna sinnar á ráðstefnu sem haldin verður í Salnum í Kópavogi á fimmtudaginn.

Í rannsókninni var karlmönnum fylgt eftir að meðaltali í 24 ár. „Á þeim tíma greindust rúmlega 1.100 karlar með krabbamein í blöðruhálskirtli og af þeim var 371 með langt gengið mein,“ lýsir Jónhanna.

Þeir sem tóku lýsi komu vel út úr rannsókninni. „Á efri árum var reglubundin lýsineysla tengd 57 prósentu minnkun á áhættu á langt gengnu meini, borið saman við þá sem ekki tóku lýsi,“ segir Jónhanna og bendir á að tíð neysla á rúgbrauði á unglingsárum sýndi vernd gegn sjúkdómnum en dagleg neysla á mjólk á unglingsárum og á söltuðum eða reyktum fiski á unglings- og efri árum jók áhættuna.

Í sumar birtist frétt um rannsókn bandarískra vísindamanna sem töldu krabbamein í blöðruhálskirtli algengara hjá karlmönnum sem neyta matar sem ríkur er af ómega-3 fitusýrum. Jónhanna

Eyrún segir niðurstöður rannsóknarinnar stangast á við aðrar. „Í þessari rannsókn tóku þátt 900 menn með krabbamein í blöðruhálskirtli en aðeins fjórir þeirra voru með langt gengið mein. Því viljum við meina að hún geti ekkert sagt til um áhrif ómega-3 á slík alvarleg mein,“ segir Jónhanna. Hún bendir jafnframt á þá skýringu að þeir karlmenn sem hugsa vel um heilsu sína og taka lýsi eða ómega-3 töflur séu einnig líklegri til að fara reglulega til læknis og greinist því frekar með krabbamein en hinir sem hugsa minna um heilsuna.

Jónhanna telur því ekki bara óhætt að taka lýsi og ómega-3 heldur að það sé fólki mjög til heilsuþótar. „Í fjölmörgum rannsóknum kemur í ljós að mikil fiskneysla minnkar dánartíðni af völdum krabbameins í blöðruhálskirtli,“ segir hún og bendir jafnframt á aðra rannsókn þar sem magn ómega-3 fitusýra í blóði var mælt. „Þar fundust engin tengsl við langt gengið blöðruhálskrabbamein.“

Meðal annarra fyrirlesara á ráðstefnunni eru Michael A. Crawford frá Imperial College í London, Axel F. Sigurðsson hjartalæknir, Sigmundur Guðbjarnason, fyrrverandi rektor HÍ, Guðrún V. Skúladóttir, vísindamaður við HÍ, og Michael Clausen, barnalæknir og sérfræðingur í ofnæmissjúkdómum barna.

■ solveig@365.is

**FLYTUR FYRIRLESTUR**

Jónhanna Eyrún Torfadóttir, rannsóknarsérfræðingur í lýðheilsuvísindum við HÍ, ræðir hvort tengsl séu milli neyslu ómega-3 fitusýra og blöðruhálskrabbameins.

MYND/ARNPÓR

**ÞEKING**

Markmið ráðstefnunnar sem fram fer í Salnum í Kópavogi er að auka þekkingu á hinum lífsnauðsynlegu ómega fitusýrum.

## Hár blóðþrýstingur

einn helsti áhættuþáttur hjarta- og æðasjúkdóma  
**Meira blóðflæði Betri líðan - betri heilsa**


Eftir fertugt framleiðir líkaminn mun minna **Nitric Oxide**. **SUPERBEETS** örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax.

Betra blóðflæði, **30%** æðaútvíkkun, **30%** meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur, aukin fitubrensla, **20%** meira þrek orka og úthald, hraðar bata eftir æfingar.

Bætt ris hjá körlum, aukin kynörvun kvenna.

**Hefur áhrif á og bætir:** Blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- æða- og taugakerfi, þvagblöðru og ristil, lifur, nýru, ofnæmiskerfi, heila, skapferli, þynnu, astma, lungnabembu.

Ríkt af andoxunarefnum.



**Nitric Oxide**  
Nóbelsverðlaun 1998  
Sameind ársins 1992



**SUPERBEETS Rauðrófukristall**

100% lífrænt og því fullkomlega öruggt 30 daga skammtur. 1 teskeið daglega (2 tsk. fyrir æfingar) blandað í 150 ml af vatni. Bætt blóðflæði 30 min eftir inntöku.

**Náttúruleg kynörvun fyrir karla og konur**

Hvað gerir **VIAGRA - SILDENAFIL**  
The release of nitric oxide molecules causes erection.

Fæst í apótekum, heilsuþúðum, World Class og Sportlíf

Umboð: www.vitex.is

**HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU**

Viðurkenndur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu

**NÝ NÁMSKEIÐ AÐ BYRJA**

- **UNGBARNANUDD** byrjar 10 okt n.k. kl. 14.00
- **SVÆÐANUDDNÁM** byrjar 10 okt.n.k.kl. 18.00
- **ANDLITS- OG HÖFUÐNUDD** Laugard. 12 okt. kl. 11.00- 15.00

Skoðið heilsusetur.is eða hringið í síma 8969653.

Vissir þú að...

**Barnaheill**  
Save the Children í Íslandi

Fórelrar bera megin ábyrgð á að stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sína.

## MILLIBITI SEM HRAÐAR EFNASKIPTUNUM

Til að brenna aukakílóum þarf líkaminn gott eldsneyti allan daginn. Eftirfarandi millibitar eru fengnir af health.com og eru sagðir hraða brennslu líkamans.

**PERA OG RICOTTA-OSTUR**

Skerið peru í tvennt og smyrjið með ricotta-osti. Stráðið kanil yfir til að bragðbæta og hitið í ofni í 10 til 15 mínútur. Hver skammtur inniheldur 8 grömm af prótíni, 5 af trefjum og 170 hitaeiningar.

**LÁRPERA OG KOTASÆLA**

Skerið lárperu í tvennt, takið kjarnann úr og fyllið í holuna með léttri kotasælu. Slíkur millibiti inniheldur um 200 hitaeiningar, 9 grömm af prótíni og 7 grömm af trefjum.



**EPLI OG MJÓLK**

Stórt epli og glas af léttmjólk gefa um 200 hitaeiningar, 10 grömm af prótíni og 5 grömm af trefjum.

**TÚNFISKUR OG KEX**

Notið túnfisk úr dós, í vatni frekar en olíu, og mokið 85 grömmum á sex litlar heilhveitikökur eða hrökkbrauð. Þessi millibiti gefur um það bil 3 grömm af trefjum og 20 grömm af prótíni.



**GRÆNT TE OG MYNTA**

Þegar ekki er tímabært að fá sér millimálsbitann en löngunin í eitthvað gott tekur yfirhöndina er gott að eiga hressandi svaladrykk í ísskápnunum sem inniheldur engar hitaeiningar. Hellið upp á grænt te og kælið. Merjið örlítið af myntu út í glas eða könnu með ísmolum, hellið teinu í og bætið jafnvel nokkrum sítrónudropum út í.

www.health.com

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Sverrir Birgir Sverrisson**, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 8. OKTÓBER



**SKODA OCTAVIA er söluhæsta einstaka bílgerðin hérlandis með um 400 selda bíla.**

## FÓLKSBÍLASALA MINNI EN Í FYRRA

**Framan af árinu var salan meiri en í fyrra en hægst hefur verulega á sölunni undanfarna tvo mánuði.**

**N**ú þegar liðnir eru þrjú fjórðu ársins er athyglivert að rýna í sölutölur fólksbíla á árinu. 6.218 fólksbílar seldust til 30. september. Er þessi sala minni en á sama tíma í fyrra og munar 153 bílum, eða 2,5%. Framan af árinu voru sölutölur hærri en í fyrra en hægst hefur á sölunni undanfarna tvo mánuði. Í fyrra seldust 7.902 bílar allt árið. Ef gert er ráð fyrir því að á síðustu þremur mánuðum ársins verði salan lík sölunni í september, sem nam 348 bílum, yrði heildarsala ársins aðeins 7.250 bílar, eða um 650 færri en í fyrra. Er það alls ekki í takt við

þær spár sem voru um bílasölu í upphafi árs. Flestir áttu von á því að salan myndi aukast aðeins og næði jafnvel allt að 9.000 bíla sölu. Hætt er við því að það muni ekki ganga eftir.

### Hekla með fjórðung

Söluhæsta umboðið er eins og í fyrra Hekla með 1.562 bíla, eða 25,1% sölunnar, en Brimborg hefur selt 1.099 bíla, eða 17,7%. Toyota hefur selt 968 bíla og Lexus 18 að auki, samtals 986 bíla, sem er hlutdeild upp á 15,9%. Fjórða stærsta umboðið er Bílabúð Benna með 536 bíla, þar af er sala á Chevrolet-bílum 526 bílar og Porsche 10 bílar. Nemur það 8,6% sölunnar.

BL er með 506 bíla, eða 8,1%. Suzuki hefur selt 448 bíla með sitt eina merki, eða 7,2%. Askja hefur selt 430 bíla sem samsvarar 6,9%. Bernhard hefur selt 304 Honda-bíla og 45 Peugeot-bíla, samtals 349 bíla, eða 5,6%. Af einstökum bílamerkjum er Toyota söluhæst með 968 bíla. Þar á eftir kemur Volkswagen með 784 bíla og Skoda, sem einnig tilheyrir Heklu, með 647 bíla. Í fjórða sætinu er Chevrolet með 526 selda bíla. Í því fimmta er svo Kia með 493 bíla, sjötta er Suzuki með 448 bíla, sjöunda Honda með 304 bíla, áttunda Nissan með 272 selda bíla. Ford er í níunda sætinu með 250 bíla og næsta sæti á einnig Brimborg með Mazda-

merkið og 212 selda bíla. Í ellefta sæti er svo Mercedes Benz með 125 bíla. Er það mest selda lúxusbílamerkið á Íslandi, en í öðru sæti kemur Audi með 103 selda bíla og þar á eftir Volvo 60, BMW 58 og Lexus 18.

### Kia slær við stærri bróðurnum

Athygli vekur að japanskir bílar eru 2.332, eða 37,5% allrar sölu fólksbíla. Þýskir bílar eru 1.111, eða 17,9%. Volkswagen er þar langsöluhæst með 794 bíla, Mercedes Benz með 125, Audi 103, BMW 58, Opel 21 og Porsche 10. Þriðja stærsta framleiðsluþjóðin er Suður-Kórea með 798 bíla en litli bróðirinn Kia slær við þeim stærri þar sem

Kia hefur selt í 493 eintökum en Hyundai 305. Bandarískir bílar eru næstum jafn margir eða 786. Chevrolet-bílar eru þar í meirihluta, eða 526, Ford 250 og Jeep 10. Fimmta stærsta framleiðsluþjóðin er Tékkland í formi eins merkis, Skoda, sem selt hefur í 647 eintökum. Í sjötta sætinu er Frakkland, en selt hafa 160 Renault-bílar, 63 Citroën og 45 Peugeot, samtals 268. Í sjöunda sæti er svo Svíþjóð með 60 Volvo-bíla og Bretland kemur rétt á eftir með 57 Land Rover-bíla. eru þá upptaldar þær átta þjóðir sem framleiða bíla sem seldir eru hér á landi en verksmiðjur þeirra dreifast reyndar um fleiri lönd en hér eru upptaldin.

## NÝTT FRÁ DICK CEPEK



**Dick**  
**CEPEK**  
TIRES & WHEELS

**NÝTT!**  
Trail  
Country

**NÝTT!**  
Fun  
Country

Mud  
Country

Kletthálsi 3  
110 Reykjavík  
Sími 540 4900  
arctictrucks.is


### TRAIL COUNTRY™

Trail Country er finnynstrað allhliða jeppadekk sem er rástfast og þægilegt í akstri innanbæjar, en býr einnig yfir frábærum aksturseginnleikum utan vega. Trail Country er frábært allhliða heilsársdekk fyrir flestar gerðir jeppa og jepplinga.

### FUN COUNTRY™

Fun Country var hannað með það í huga að ná fram einstökum askturseginnleikum utanvega, auk þess að vera hljóðlát og endingargott innanbæjar. Fun Country er ætlað nútíma jeppum sem vilja komast lengra! Dekkið er fánlegt í stærðum frá 32" til 37".





**Mickey Thompson jeppadekkin hafa sannað sig á Íslandi!**

Hlið heimsþekktu merki Mickey Thompson hefur verið selt á Íslandi í áratugi en dekkkin hafa verið framleidd síðan árið 1963. M/T merkið er þekkt um allan heim sem háþróað jeppadekk og felgur.

**mtdekk.is**

Söluáðilar: Öll helstu dekkjaverkstæðin á landinu. Umboðsáðili: Ice-track ehf. Sími 773 4334  
mtdekk@mtdekk.is



## Kannski ódýrasta umfelgun á landinu

Við græjum dekkinn undir bílinn þinn fyrir veturinn. Úrval af traustum vetrardekkjum

**Fólksbílar** : Jeplingar : Jeppar  
**4.990,-** : **5.990,-** : **7.990,-**

Dekkjahótel, snyrtileg aðstaða og alltaf heitt á könnunni

**Dekkjahúsið**



Dalbrekku 17 Kópavogi • Sími: 55 33 100  
Fyrir ofan Bónus á Nýbýlavegi



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

**VOLVO V60**



**1,6 L DÍLSÍLVEL M. FOR-  
ÞJÖPPU, 115 HESTÖFL  
Framhjóladrif**

**Eyðsla 4,2 l./100 km í bl. akstri**

**Mengun 110 g/km CO2  
Hröðun 11,3 sek.  
Hámarkshraði 190 km/klst  
Verð 6.190.000 kr.  
Umboð Brimborg**



Volvo V60 er af langbaksgerð en S60 ef hefðbundinn fólksbíl með skotti.

## ÖRUGGUR SPARIBAUKUR Í LÚXUSFLOKKI

Afar ljúfur akstursbíl sem kemst hringinn á einum tanki. Einstaklega hljóðlátur og með eftirtektarvert gott hljómkerfi.

**VOLVO V60**

Finnur Thorlacius reynsluuekur

**E**inu sinni voru Volvo-bílar kassalaga og lítt fyrir augað en ávallt ágæt fjárfesting þar sem ending þeirra og lág bilanatiðni var til fyrirmyndar. Nú eru Volvo-bílar straumlinulagaðir og fallegir, auk hinna kostanna, og það á einmitt við þann bíl sem nú er til umfjöllunar. Hann hefur nýverið fengið andlitslyftingu en þessi kynslóð kom fyrst á markað árið 2010. Útlitsbreytingin er ekki sláandi en hann hefur enn fríkað, ekki síst framendinn sem breyttist mest. V60 hefur sportleg útlitseinkenni og eðalsvip sem oft vill einkenna bíla sem falla í lúxusflokk. Volvo V60 er einungis í langbaksútgáfu, en sedan-bíllinn heitir S60. Volvo V60 er ekki risastór langbakur og þeir sem eru að leita að risastóru skotti ættu frekar að skoða Volvo V70. Það sem einkennir öðru fremur þennan bíl er að þar á farþegum að líða vel. Það ágæta pláss sem í bílnum er gagnast aftursætisfarþegum best og fótarými þar er ótrúlega gott, sem og reyndar höfuðrými. Greinarritari hafði áhyggjur af því er hann virti fyrir sér bílinn að utan að hann væri lágur til þaksins, höfuðrými alls staðar er fyrir stórt fólk. Hvernig má annað vera fyrir bíl sem er sænskur?

**Afllítill en sparneytin dísilvél**

Reynsluakstursbíllinn var með 1,6 lítra dísilvél, sú minnsta sem er í boði, en einnig sú sparneytnasta. Volvo-bílar, það er allar gerðir sem seldar eru hérlendis, eru með dísilvélar og eiga þeir það allir sammerkt að vera einstaklega sparneytnir. Þessi bíll, sem alls ekki er svo lítill,

eyðir aðeins 4,2 lítrum í blönduðum akstri. Í reynsluakstrinum sýndi hann hæst 6,2 lítra en þá hafði hann verið tekinn ræklega til kostanna og vélin látin vinna vel fyrir kaupinu. Þetta eru flottar tölur. Vélin er ekki sérlega kröftug, uppgefið afl hennar er 115 hestöfl, en hún vinnur það upp með ágætu tugi. Því á bíllinn sjaldan í vandræðum með vinnslu en fyrsta viðbragð er ekki áhrifaríkt. Bestur er bíllinn reyndar í lengri akstri og hefur hann lítið fyrir því að halda ágætum hraða og snúningur vélarinnar er lítill þá. Magnað er til þess að hugsa að með sinn stóra eldsneytistank, 67 lítra, má aka honum 1.465 km á tankfylli, eða meira en hringinn í kringum landið. Gaman væri að reyna það. Sjálfskiptingin í bílnum er sex gíra skipting sem Volvo hefur fengið úr smíðju Ford, sem áður tengdist Volvo með eignarhaldi. Þessi skipting er fín og hún er með sportstillingu sem færir aðeins meira fjör í leikinn. Einnig má beinskipta bílnum með sjálfskiptihnúðnum.

**Góður akstursbíl sem „elskar“ beygjur**

Sérlega ljúft er að aka Volvo V60 og hann „elskar að taka beygjurnar“ hratt enda búinn flottri tækni til að það sé mögulegt og þægilegt. Í kröppum beygjum er hemlun sett á innra hjólið en jafnframt aflíð aukið á ytra hjólið á sama tíma. Við það verður hægt að taka beygjur á meiri hraða og af meira öryggi en áður. Stýring bílsins er þægileg og nokkuð nákvæm og lipurleiki bílsins í akstri gleður ökumann. Eitt þeirra atriða sem sanna fyrir ökumanni að ekið sé bíl í lúxusflokki er hversu hljóðlátur hann er. Alveg er sama á hvaða hraða er ekið, vart heyrir í vindi, vél

eða dekkjum. Innrétting bílsins er einföld og snyrtileg og án þrjáls. Skandinavískur minimalismi eru fyrstu orðin sem skýtur upp í kollinn. Öll stjórnæki eru þó auðskiljanleg og aksturs-tölvann veitir miklar upplýsingar. Sætin í bílnum eru bæði lagleg og góð. Reynsluakstursbíllinn var með flottum leðursætum en þau tilheyrari dýrari útfærslu innanrýmis. Útsýni fyrir ökumann er með allra besta móti og styður einmitt við það sem Volvo er hvað þekktast fyrir, það er öryggi. Framrúðan tekur stærstan hluta sjónsviðsins og fremsti pósturinn er það mjór að seint telst hann hamla útsýninu.

**Ótrúlega gott hljómkerfi**

Eitt af því sem kom hvað mest á óvart við bílinn er hversu gott hljómkerfið er. Bíllinn er eins og hljómleikasalur þrátt fyrir það að um grunnútfærslu þess sé að ræða og því fylgja átta hátalarar. Þó er hægt að kaupa snargeggjað hljóðkerfi með tólf hátölurum og ríflega 900 vatta magnaara, sem gefur ekkert eftir því allra besta sem er í boði í lúxusbílum. Það merkilega við það er að ekki þarf að bæta við nema 200.000 krónum til að það fylgi. Víða krefst slíkt um milljónar króna viðbótar. Þegar talað er um Volvo er öryggi það fyrsta sem flestum dettur í hug. Þessi bíll hefur fengið fimm stjörnur á öllum sviðum og er meðal allra öruggustu bíla sem til eru. Það er ekki slæmt að vita af því við akstur, sem og því að líklega mun þessi bíll endast von úr viti og vilji maður skipta yfir í nýrri bíl má búast við góðu endursöluverði. Volvo V60 er ári flottur bíll með marga kosti en eins og áður þarf að borga fyrir gæði, góða smíð, öryggi, flotta hönnun og lúxus.

**BÍLAR**  
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins  
Finnur Thorlacius  
finnurth@365.is

Útgáfufélag  
365 miðlar ehf.  
Skaftahlíð 24,  
105 Reykjavík,  
sími 512 5000

Auglýsingar  
Sverrir Birgir Sværissón  
sverrirbirgir@365.is  
Sími 5125432

Hönnun  
Silja Ástþórsdóttir  
siljaa@frettabladid.is

**KEMUR Á ÓVART**

Ofboðslega sparneytin nett dísilvél.  
Látlaus og stílhrein innrétting er lýsandi fyrir skandinavíska mínímalisma.



- Afl
- Verð
- Hjómtæki



- Lág eyðsla
- Öryggi
- Mikið rými



## Besti mánuður Benz frá upphafi

Mercedes-Benz-fyrirtækið á sér langa sögu en aldrei hefur það selt fleiri bíla en í síðasta mánuði. Þá seldi fyrirtækið 142.994 bíla. Ekki síst var það að þakka nýjum E-Class bíl, sem og góðri sölu á A-Class og CLA-Class bílunum. Evrópa er enn þá stærsti markaður Mercedes-Benz en nærfellt helmingur bíla þess seldist þar, eða 71.085 bílar. Asía er orðin afar mikilvægur markaður fyrir bíla Mercedes-Benz, sem og flestra annarra bílaframleiðenda. Þar seldust 39.013 bílar í september og jókst salan þar um 21,2%. Engu að síður var vöxturinn mestur í Japan, þar sem 31,4% meiri sala var í mánuðinum en í sama mánuði í fyrra. Reyndar hefur salan aukist í Japan um 28,8% á árinu öllu. Sala Mercedes-Benz í Bandaríkjunum nam 24.697 bílum og hefur vaxið um 7% á árinu.



Fljótandi millistokkurinn er ennþá stórt útlitseinkenni í bílum Volvo. Ekkert sérlega stórt skott, afgangur að vera, enda gólfíð óvenju hátt.

# HJÁ AÐALSKOÐUN ER BÍLLINN Í GÓÐUM HÖNDUM VERIÐ VELKOMIN Í SKEIFUNNA



## ER KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?

Paulreyndir fagmenn taka vel á móti þér þegar þú lætur skoða bíllinn þinn hjá Aðalskoðun. Hlökkum til að sjá þig, það er alltaf heitt á könnunni.

**Opið kl. 8-17 virka daga – sími 590 6900**



Aðalskoðun, faggiltur skoðunaraðili í 19 ár

# Aðalskoðun

**Reykjavík**  
Grjóthálsi 10  
Sími 590 6940

**Reykjavík**  
Skeifunni 5  
Sími 590 6930

**Hafnarfjörður**  
Hjallahrauni 4  
(við Helluhraun)  
Sími 590 6900

**Kópavogur**  
Skemmuvegi 6  
(bleik gata)  
Sími 590 6935

**Reykjanesbær**  
Holtsgötu 52  
(við Njarðarbraut)  
Sími 590 6970

[www.adalskodun.is](http://www.adalskodun.is) og [www.adal.is](http://www.adal.is)



Cévennes er stæling á Porsche 356.

## Frakkar stæla Þjóðverja

Þeir hjá franska fyrirtækinu PGO eru greinilega miklir aðdáendur Porsche og hafa mætur á hinum hálfar aldar gamla Porsche 356 Speedster. Svo miklar reyndar að þeir hafa framleitt eftirmynd hans sem þeir nú bjóða til sölu undir nafninu Chevennes. Ekki er þó hægt að segja að um algera eftirmynd sé að ræða þótt hann sé líkur 356-bílnum en hann ber svip hans þó þokkalega. Chevennes er með 1,6 lítra vél frá BMW sem skilar 181 hestafli. Það hljómar ekki svo mikið en rétt er að hafa í huga að hann vegur ekki nema 999 kíló og er líklega nokkuð sprækur. Hámarks hraðinn er 225 km/klst. Bíllinn er afturhjóladrífinn að sjálfsögðu, eins og rökrétt er með sportbíl. Sala á bílnum er hafin í Evrópu en engum sögum fer af vinsældum hans.



Land Rover Discovery ætlar í langferð.

## Aka 16.000 kílómetra á tíu dögum

Það hljómar eins og áskorun í Top Gear að aka 16.000 kílómetra á tíu dögum en svo er ekki. Það eru þolaktursrallökumennirnir Robert Belcher og Stephen Cooper sem ætla með þessu að sanna að Land Rover Discovery LR3, sem þekktur er nokkuð fyrir tíðar bilanir, þoli þennan þolakstur án þess að bila. Leiðin er líka afar spennandi sem þeir ætla að aka, eða frá London til Höfðaborgar í Suður-Afríku, og fara í gegnum 13 lönd á leiðinni. Bíll þeirra hefur reyndar fengið nokkra yfirhalingu til að þola þennan erfiða akstur. Undirvagn hans hefur verið styrktur og dekin þola akstur á misjöfnum vegum sem þeir munu fara um. Einnig hefur verið bætt við eldsneytistanki svo að kapparnir þurfi nú ekki að vera að stoppa í sífellu til að fylla á.

Aksturinn fer fram frá 4. til 14. október. Bíllinn er með 2,7 lítra V6-dísilvél með túrbínu og þeir komast 1.930 kílómetra á hverri fyllingu. Ljóst er að ökumennirnir þurfa að aka dag og nótt og skiptast á að aka. Ef eitthvað bílar er eins gott að það verði ekki í Kenía eða Líbíu, en þar er bæði örðugast að verða sér úti um varahluti og hjálp og mest hættu á að einhver ásælist bíl þeirra. Þessi leið frá London til Höfðaborgar hefur verið farin áður í einum rykk á Fiat Panda-bíl og tíminn þá var 10 sólarhringar, 13 klukkutímar og 28 mínútur. Það met ætla þeir kappar að bæta um a.m.k. 13 og hálfan klukkutíma.

## Verða allir BMW M-bílar fjórhjóladrífir?

Allir kraftabílar BMW sem bera stafinn M hafa hingað til verið afturhjóladrífir, nema X5 M og X6 M jepparnir, sem hafa eðlilega skartað fjórhjóladrifi. Það gæti breyst mjög hratt og er líklegasta ástæða þess að BMW hefur horft upp á það að samkeppnisbílar Audi og Mercedes Benz eru talsvert sneggri á sprettinum en M-bílar BMW, þrátt fyrir að búa ekki að meira afli. Bílar eins og Audi RS4, RS6 og RS7, Porsche Panamera Turbo og Mercedes Benz E63 AMG eru sneggri í hundraðið vegna fjórhjóladrifs þeirra. Um 80% kaupenda Mercedes Benz E63 AMG velja bíllinn með fjórhjóladrifi og það er ástæða fyrir því. Allir þessir bílar eru sneggri í hundraðið en 4,0 sekúndur, en enginn BMW M bílanna er sneggri en 4,2 sekúndur vegna afturhjóladrifsins. M-deild BMW hefur algerlega einblínt á afturhjóladrif og telur að sportbílar eigi að vera þannig búnir en líklega verða þeir að fara að kyngja stoltinu bráðlega því þeir eru að verða undir í samkeppninni. Reyndar kom til greina að M3- og M4-bílar yrðu með fjórhjóladrifi að síðustu kynslóð sem kom fram árið 2011, en nú er bara að sjá til hvort þeir verði þannig af næstu kynslóð.



BMW M5.



7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum.

www.kia.com

## Með augu í hnakknum

Kia Sportage Xtra með glerþaki og bakkmyndavél

HYUNDAI/ASKJA - 13-2317

420.000 kr. kaupauki

fylgir nýjum Kia Sportage – fyrstir koma fyrstir fá

Vetrardekk, dráttarveisli og 100.000 kr. eldsneytiskort **NI**

SPORTAGE



The Power to Surprise

### Kia Sportage Xtra – í ábyrgð til 2020

Eigum nokkra sérútbúna Kia Sportage með glæsilegum aukahlutapakka á frábærum kjörum. Glerþak, leiðsögukerfi með íslenskri götuskrá, bakkmyndavél og enn vandaðra hljóðkerfi. Aukahlutapakinn kostar aðeins 300.000 kr. en listaverð er 600.000 kr.

Kia Sportage hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga. Hann er öflugur og tilbúinn í allar aðstæður og eyðir þó aðeins frá 5,7 l/100 km í blönduðum akstri. 7 ára ábyrgð er á nýjum Kia Sportage líkt og á öllum nýjum Kia bílum.

Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar á Akranesi, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi og í Reykjanesbæ og kynntu þér þennan framúrskarandi bíl. Við tökum vel á móti þér.



\*M.v. 50% útborgun eða upptökubíl að sambærilegum verðmæti og bilasamning ERGO í 84 mánuði. 9,7% óverötruggjör vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,71%.



Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is  
Viðurkennur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Verð frá **5.990.777 kr.**  
2,0 dísil, beinskiptur 6 gíra, 4wd

Aðeins **51.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði\*









**Tilboð: 2.550.000 kr.**

**Ford Explorer Limited** RB054  
Árgerð 2007, bensín, sjálfskiptur  
Ekinn 108.000 km. Litur: ljósgrár  
Ásett verð: 2.850.000 kr.



**Tilboð: 2.990.000 kr.**

**Ford Kuga Trend AWD** JAT61  
Árgerð 2011, dísil, beinskíptur  
Ekinn 63.000 km. Litur: ljósgrár  
Ásett verð: 3.490.000 kr.



**Tilboð: 3.280.000 kr.**

**Ford Escape XLT AWD** PMM87  
Árgerð 2011, bensín, sjálfskiptur  
Ekinn 77.000 km. Litur: ljósbrúnn  
Ásett verð: 3.640.000 kr.



*í ábyrgð!*

**Tilboð: 9.980.000 kr.**

**Volvo XC90 Momentum D5** UUV86  
Árgerð 2012, dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 39.000 km. Litur: ljósgrár  
Ásett verð: 10.490.000 kr.

Kauptu  
í dag

# NYLEGIR

## BÍLAR Í MIKLU ÚRVALI Á FRÁBÆRU VERÐI

Tökum allar  
gerðir bíla  
uppí!



*í ábyrgð!*

**Tilboð: 1.890.000 kr.**

**Citroën C3 Seduction Airdream** YEA15  
Árgerð 2012, dísil, beinskíptur  
Ekinn 61.000 km. Litur: ljósgrár  
Ásett verð: 2.090.000 kr.



*í ábyrgð!*

**Verð: 3.650.000 kr.**

**Ford Focus Titanium STW** YHK53  
Árgerð 2012, dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 51.000 km. Litur: dökkgrár



*í ábyrgð!*

**Verð: 2.640.000 kr.**

**Citroën Berlingo Multispace** FID95  
Árgerð 2012, dísil, beinskíptur  
Ekinn 40.000 km. Litur: hvítur

ÁRGERÐIR 2011,  
2012 og 2013



MINNI  
EYÐSLA



MEIRA  
ÖRYGGI



*í ábyrgð!*

**Verð: 1.470.000 kr.**

**Citroën C1 sx** MAY04  
Árgerð 2012, bensín, beinskíptur  
Ekinn 50.000 km. Litur: rauður



**Verð: 1.990.000 kr.**

**Mazda3 Advance** YZN00  
Árgerð 2010, bensín, beinskíptur  
Ekinn 77.000 km. Litur: grár



*í ábyrgð!*

**Verð: 2.990.000 kr.**

**Ford Focus Trend** FNL92  
Árgerð 2012, dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 48.000 km. Litur: ljósgrár  
Ásett verð: 3.220.000 kr.




*í ábyrgð!*

**Tilboð: 1.180.000 kr.**

**Ford Ka Trend** NXE32  
Árgerð 2012, bensín, beinskíptur  
Ekinn 66.000 km. Litur: ljósgrár  
Ásett verð: 1.380.000 kr.

Bílafjármögnun  
Landsbankans



*í ábyrgð!*

**Verð: 2.070.000 kr.**

**Mazda2 Advance** RDZ05  
Árgerð 2012, bensín, sjálfskiptur  
Ekinn 53.000 km. Litur: ljósgrár



*í ábyrgð!*


**Tilboð: 2.890.000 kr.**

**Ford Mondeo Trend** HFL40  
Árgerð 2012, dísil, beinskíptur  
Ekinn 54.000 km. Litur: ljósgrár  
Ásett verð: 3.200.000 kr.



**Verð: 1.990.000 kr.**

**Ford Focus Trend Collection** NAH04  
Árgerð 2011, bensín, beinskíptur  
Ekinn 71.000 km. Litur: grár



*í ábyrgð!*

**Tilboð: 2.290.000 kr.**

**Citroën C4 Comfort** KDM73  
Árgerð 2012, dísil, beinskíptur  
Ekinn 63.000 km. Litur: rauður  
Ásett verð: 2.520.000 kr.



*í ábyrgð!*

**Tilboð: 3.290.000 kr.**

**Mazda6 Premium** LHP94  
Árgerð 2012, bensín, sjálfskiptur  
Ekinn 43.000 km. Litur: ljósgrár  
Ásett verð: 3.530.000 kr.



*í ábyrgð!*

**Verð: 4.290.000 kr.**

**Ford Mondeo Titanium STW** KZE18  
Árgerð 2013, dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 28.000 km. Litur: grár



**Verð: 3.790.000 kr.**

**Ford Galaxy Trend 7 sæta** HHB27  
Árgerð 2011, dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 83.000 km. Litur: grár

Skoðuðu meira úrval og finndu bílinn þinn á

**NOTADIR.BRIMBORG.IS**



Notaðir bílar  
- Brimborg

Myndir í auglýsingunni eru af sambærilegum nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur bílanna getur því verið frábrugðinn myndunum í auglýsingunni.

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040

Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Öruggur staður til að vera á

+

Ástkær sambýliskona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**MARGRÉT SIGRÚN VIGGÓSDÓTTIR**  
Forsæti 6a á Sauðárkróki,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki 3. október og verður jarðsungen frá Sauðárkróskirkju 12. október kl. 14.00.



**Búi Vilhjálmsson**  
Sigurður Viggó Gunnarsson  
Sigrún Marta Gunnarsdóttir  
Ingibjörg Sigurlaug Gunnarsd.

**Guðvarður Brynjar Gunnarsson**  
Guðrún Þórey Gunnarsdóttir  
Gunnar Búason

tengdabörn og barnabörn.

+

Elsku pabbi okkar, tengdapabbi og afi,

**SVERRIR STEFÁNSSON**

varð bráðkvaddur á heimili sínu föstudaginn 4. október síðastliðinn. Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 11. október klukkan 13.00.



**Laufey Sverrisdóttir**  
Stella Sverrisdóttir  
Alexander Nökkvi, Gabriel Ómar, Stefán Máni, Sesselja, Viktor Freyr, Hekla Sif og Óðinn Freyr.

**Hugi Freyr Einarsson**  
Órnólfur Kristinn Bergþórsson

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

**ARNPRÚÐUR STEFÁNSDÓTTIR**  
(Addý)

sjúkralíði, Stríkinu 8,

lést á líknardeild Landspítalans föstudaginn 4. október. Útförin fer fram frá Víðalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 11. október klukkan 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á söfnun vegna línuhraðals.



**Arna Valdís Kristjánsdóttir**  
Stella Kristjánsdóttir  
Lilja Kristjánsdóttir  
Jóhanna Kristín Gísladóttir

**Vilberg K. Kjartansson**  
Jana Björk Ingadóttir

barnabörn og systkini.

+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÓLAFUR SIEMSEN**  
lyfjafraeðingur,  
Svöluhrauni 12, Hafnarfirði,



lést á heimili sínu aðfaranótt laugardagsins 28. september. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík í dag, þriðjudaginn 8. október, kl. 15.00.

**Auður Snorradóttir**  
Guðmundur Siemsen  
Snorri Siemsen  
Rósa Siemsen  
Anna Sigríður Siemsen og barnabörn.

**Hrund Ottósdóttir**  
Jón Kjartan Ágústsson  
Jóhann David Barðason

+

Elskulegur bróðir okkar, mágur, vinur, frændi og félagi,

**TRYGGVI GUNNLAUGSSON**

lést þann 27. september á krabbameinsdeild Landspítalans. Útför Tryggva fer fram miðvikudaginn 9. október kl. 15.00 frá Dómkirkjunni í Reykjavík. Þökkum við starfsfólki krabbameinsdeildarinnar frábært viðmót og fyrir að gera síðustu stundir Tryggva bæriligar.



**Fyrir hönd aðstandenda,**  
Bjarni Tryggvason.

WWW.KVEDJA.IS

*Útfararstofa*  
**SVAFARS & HERMANNSSON**



*Virding* Reynsla & Þjónusta  
*Allan solarhringinn*

571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

**PETTA GERÐIST: 8. OKTÓBER 1967**

## Che Guevara handtekinn

Eftir að hafa fengið upplýsingar um bækistöðvar Che Guevara og skæruliða hans í Yura umkringdi sérveit bólvíska hersins búðir þeirra, með fulltingi 1.800 hermanna, þann 8. október 1967 og tók Guevara höndum. Hann særðist töluvert í átökunum við herinn og er sagður hafa gefist upp sjálfviljugur, lagt frá sér byssuna og hrópað: „Skjótið ekki! Ég er Che Guevara og ég er ykkur meira virði lifandi en dauður.“



Eftir handtökuna var Guevara í haldi í gömlum skóla í þorpinu La Higuera. Hann neitaði staðfestlega að svara þegar yfirmenn í bólvíska hernum reyndu að yfirheyra hann. Það eina sem hann fékkst til að segja var að hann vantaði tóbak, sem hann fékk.

Að morgni 9. október fyrirskipaði forseti Bólivíu, René Barrientos, að Guevara skyldi tekinn af lífi. Bandaríska ríkisstjórnin hafði reyndar farið fram á að hann yrði fluttur til Panama til frekari yfirheyrslna en Bólivíumenn létu það sem vind um eyru þjóta. Til að forðast

vandræði fengu þeir drukkin hermann, Mario Terán sem átti harma að hefna gegn Guevara, til að skjóta hann og sögðu að hann yrði að láta líta svo út að Guevara hefði fallið í bardaga. Terán fylgdi þeim fyrirmælum dyggilega og skaut hann alls níu skotum í líkamann. Samkvæmt samtímaheimildum voru síðustu orð byltingarforingjans: „Skjóttu mig bara, hugleysinginn þinn. Þú ert bara að drepa mann.“

## Ráðstefna um handrit

Alþjóðleg ráðstefna um handrit í Árnastofnun.

Árnastofnun stendur fyrir alþjóðlegri ráðstefnu dagana 10. til 12. október. Fjallað verður um handrit frá ýmsum sjónarhornum, til dæmis nótur í handritum, myndlist í handritum, tungumál, stafagerð og efnir.

Ráðstefnan er einn af viðburðum afmælisárs Árna Magnússonar. Tólf erlendir fyrirlesarar flytja erindi og fjórir íslenskir. Heiðursgestur verður rithöfundurinn Arnaldur Indriðason og heldur hann fyrirlestur fyrsta daginn.

Ráðstefnan er opin öllum og þegar eru á annað hundrað manns búnir að skrá sig.

**ARNALDUR INDRIDASON**  
Rithöfundurinn vinsæli verður heiðursgestur.



**SJÁLFVITUND** Húbert Nói opnar sýningu á fimmtudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Húbert Nói með sýningu

Myndlistarmaðurinn Húbert Nói opnar sýningu í Menningarhúsinu Skúrnum, sem stendur við gömlu grásleppuskúrana við Ægisíðu í vesturbæ Reykjavíkur, fimmtudaginn 10. október klukkan 10.

Sýningin ber yfirskriftina Sjálfvitund, en þegar dimmt er orðið á kvöldin kviknar á verkinu og geta gestir og gangandi skoðað það inn um glugga Skúrsins.

Húbert Nói Jóhannesson útskrifaðist frá Nýlistadeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1987. Höfundarverk Húberts Nóa hefur frá upphafi snúist um tvo meginþætti, minni og staðsetningu.

Sýning Húberts Nóa stendur til 27. október.

## Málþing um ljóðabýðingar

Málþing um ljóðabýðingar verður haldið á vegum pólsk-íslenska ljóðlistaverkefnisins ORT í Norræna húsinu á morgun, miðvikudaginn 9. október, klukkan 10 til 12.

Þingið er haldið í samstarfi við Þýðingasetur Háskóla Íslands, Bókmenntaborgina og Norræna húsið. Á dagskránni eru fimm stutt erindi um ljóðabýðingar, þýðingar í vinnslu og einnig alþjóðleg ljóðaverkefni sem tengjast ljóðum og sérstaklega ljóðum í borg. Erindi verða flutt á ensku og allir eru velkomnir.

+

Faðir minn, sonur okkar, bróðir og mágur,

**BRYNJAR BJÖRNSSON**  
múrarmeistari,  
frá Egilsstöðum í Vopnafirði,



lést á líknardeild Landspítalans föstudaginn 27. september. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 10. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Helga Björk Brynjarsdóttir**  
Björn M. Sæmundsson  
Þorkell Björnsson  
Sæmundur Egill Björnsson  
Hanna Jóna Björnsdóttir  
Helga Björnsdóttir

**Ingigerður Jóhannsdóttir**  
Súsanna Ó. Sims

**Aðalsteinn A. Halldórsson**

+

Ástkær konan mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,

**STEFANÍA ÞORGRÍMSDÓTTIR**  
Sólvallagötu 64, Reykjavík,



lést mánudaginn 30. september síðastliðinn. Útför fer fram fimmtudaginn 10. október klukkan 13.00 frá Fossvogskirkju.

**Gunnar Magnússon**  
Ása Hauksdóttir  
Sigurjón Starri Hauksson  
Guðrún Hauksdóttir  
Hreggviður Vopni Hauksson  
Hekla Sif Hreggviðsdóttir  
Áslaug Ingileif Halldórsdóttir  
Þorgrímur Starri Halldórsson  
Malena Níni Starradóttir og systkini hinnar látnu.

**Halldór Arnar Guðmundsson**  
Sólveig Johnsen  
Gísli Baldur Sveinsson

+

Hjartkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**LILY HALLDÓRSDÓTTIR**  
Austurbyggð 11, Akureyri,



lést þann 26. september. Jarðarförin hefur farið fram í kyrirþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Öldrunarheimili Akureyrar.

**Torfi Leósson**  
Hrefna Gunnhildur Torfadóttir  
Leó Geir Torfason  
Halldór Torfi Torfason  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Magnús Gauti Gautason**  
Guðný Jónsdóttir  
Unnur A. Kristjánsdóttir

+

Faðir okkar og kær vinur minn,

**SIGURÐUR PÁLSSON**



lést á krabbameinsdeild LSH sunnudaginn 29. september. Að ósk hins látna fer útförin fram í kyrirþey. Þeim sem vilja minnast hans er bent á deild 11E á LSH.

**Ágúst Liljan Sigurðsson**  
Barði Sigurðsson  
Páll Dagbjartur Sigurðsson  
Guðmundur Herdal Sigurðsson  
Guðriður Ólafsdóttir

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdafaðir, afa og langafa,

**REYNARS HANNESSONAR.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Sóltúns.



**Gunnar Hannes Reynarsson**  
Sigrún Reynarsdóttir  
Bjarni Reynarsson  
Elís Reynarsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Fjóla G. Ingþórsdóttir**  
Gísli Ellerup  
Jóhanna Einarsdóttir

+

Elskulegur móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRUNN INGVARSDÓTTIR**  
Rauðalæk 27, Reykjavík,



lést sunnudaginn 6. október á Landspítalanum við Hringbraut.

**Inga Ásgeirsdóttir**  
Ásgeir Ásgeirsson  
Sigurjón Ásgeirsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Sæmundur Gunnarsson**  
Ragnheiður Ragnarsdóttir

tl.is

# TÖLVU LISTINN

# TÖLVUVÖRUR Á LÆGRA VERÐI!



CM H6.6 SILENCIO



## ÖFLUG HEIMILISTÖLVA

Hljóðlát og kraftmikil heimilistölva sem hentar öllum í fjölskyldunni. Sérstaklega hljóðeinangraður CoolerMaster turni með nýjasta og hraðvirkasta Intel i5 Haswell örgjörvanum. Nvidia 650GTX skjákort sem dugur vel í flesta öflugum tölvuleiki. Mikið geymslupláss á 3TB hörðum disk, 8GB vinnsluminni og miklir tengimöguleikar. USB3.0 tengi fyrir margfalt meiri gagnaflutningshraða. Frábær kaup fyrir heimilið.

**149.990**

## 24" W-LED LEIKJASKJÁR



AOC-E2461FWH

**AOC**

Einstök skerpa og aðeins 2ms svartími. Frábær í leikina. Háskerpuupplausn og LED baklýsing. Einstakt 50.000.000:1 skerpuhlutfall.

**37.990**

## VINSÆLASTA 8" SPJALDTÖLVAN



NEX-NEXT800T

**nextbook**

Ótrúlegt verð. 1.5GHz Dual Core A9 örgjörvi, 1GB vinnsla og 8GB Flash minni. Android 4.1 Jelly Bean. Myndavél að framan og aftan. 1024x768 upplausn. Góð stærð fyrir börnin.

**22.990**

## RAZER OUROBOROS



**RAZER**

Mögnuð leikjamús sem hægt er að aðlaga eftir stærð lófans. 8200dpi 4G Dual sensor og hleðslustöð sem virkar sem þráðlaus móttakari. 11 forritanlegir takkar og 1ms svartími. Sú flottasta.

RAZ-OUROBOROS

**29.990**

## ITB VASAFLAKKARI



**Seagate**

Nettur og meðfærilegur flakkar sem passar í vasa og þarf aðeins straum frá USB tengi. Margfaldur gagnaflutningshraði með USB3.0.

SEA-STBX1000201

**16.990**

## ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ OG MÚS



**rapoo**

Þráðlaust lykklaborð og mús sem samnýtir einn USB sendi á 2.4GHz með allt að 10 metra drægni og ábrenndum íslenskum stöfum.

RAP-X1800

**4.990**

## PROMENNT

## ÓKEYPIS WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM!

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.



**REYKJAVÍK**  
SÚÐURLANDBRAUT 26  
Sími 414 1700

**AKUREYRI**  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

**EGILSSTAÐIR**  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

**KEFLAVÍK**  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

**SELFOS**  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

**HAFNARFJÖRÐUR**  
REYKJAVÍKURVEGI 66  
Sími 414 1750



**KL. 20:05 MODERN FAMILY**  
Fern Emmy-verðlaun í röð fyrir besta gamanþáttinn.

# Fjölbreytt Þriðjudagskvöld!

**KL. 20:50 HOW I MET YOUR MOTHER**  
Ted heldur áfram að segja söguna af því hvernig hann kynntist barnsmóður sinni.



**KL. 21:15 ORANGE IS THE NEW BLACK**  
Dramatísk þáttaröð á léttum nótum um unga konu sem lendir í fangelsi.



**KL. 20:00 THE PURSUIT OF HAPPYNESS**  
Will Smith var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í þessari mynd.



**KL. 07:00-20:30 BARNAEFNI ALLA DAGA**  
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



**KL. 20:20 PRETTY LITTLE LIARS**  
Fjórar vinkonur þurfa að snúa bökkum saman til að varðveita skelfilegt leyndarmál.



**KL. 21:05 NIKITA**  
Magnaðir spennuþættir um unga konu sem berst gegn leyningum glæpasamtökum.



Fáðu þér áskrift | 512.5100 | stod2.is **6 stöðvar aðeins 7.990 kr.**



**SUDOKU**

	2	5		6	3	7
6		9	1			2
	1	3	8	2		6
	5		2	8		
		6		7	1	9
	8			9	7	
3	7		6			1
4				2		
	6	8			3	

**LÉTT**

2	8	5			6	
			5	7		
9		3	1			4
		8		3	4	
	6			9	8	2
5	9		2			3
	2					1
7	5	1				9
			2			7

**MIDLUNGS**

			5		2	8
7		2				
1		3		9		7
			6		5	
		7			6	1
8		5		7		
3				6	2	
2	7					
4	1		7	3		

**PUNG**

5	7	1	4	8	3	6	9	2
9	3	4	2	5	6	8	1	7
6	8	2	7	9	1	3	4	5
8	9	6	1	3	7	2	5	4
7	2	3	8	4	5	9	6	1
1	4	5	6	2	9	7	8	3
4	5	7	9	6	2	1	3	8
3	1	9	5	7	8	4	2	6
2	6	8	3	1	4	5	7	9

6	4	1	5	8	2	7	9	3
3	9	2	6	4	7	8	5	1
5	7	8	9	3	1	6	2	4
7	1	4	8	6	5	9	3	2
8	2	3	1	7	9	4	6	5
9	5	6	4	2	3	1	7	8
1	3	7	2	9	4	5	8	6
2	8	5	7	1	6	3	4	9
4	6	9	3	5	8	2	1	7


7	1	4	8	2	6	9	3	5
9	5	8	3	1	4	2	6	7
2	3	6	9	7	5	8	4	1
1	4	7	2	5	9	3	8	6
3	8	9	1	6	7	5	2	4
5	6	2	4	8	3	1	7	9
4	7	3	5	9	2	6	1	8
8	2	5	6	4	1	7	9	3
6	9	1	7	3	8	4	5	2

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**PONDUS**



Eftir Frode Øverli

**HANDAN VIÐ HORNID**



Eftir Tony Lopes

**BARNALÁN**



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

**SPAKMÆLI DAGSINS**

Betri eru fimmtán ær aldar en tuttugu kvaldar.

Íslenskur málsháttur.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**KROSSGÁTA**

**LÁRÉTT**

2. ómskoðun, 6. munnur, 8. fyrirboði, 9. fugl, 11. fyrir hönd, 12. flatfótur, 14. kvk nafn, 16. skóli, 17. innanfita í dýrum, 18. fugl, 20. tveir eins, 21. tangi.

**LÓÐRÉTT**

1. ögn, 3. fyrirtæki, 4. ósigur, 5. lík, 7. land í Evrópu, 10. írafár, 13. angan, 15. illgresi, 16. skammst., 19. tveir eins.

**LAUSN**

LÓÐRÉTT: 1. moli, 3. ms, 4. nppgjör, 5. mör, 18. önd, 20. ff, 21. oddi.  
LÁRÉTT: 2. ömunn, 6. öp, 8. spá, 9. löa, 11. þr, 12. lísig, 14. líll, 16. ma, 17. ná, 7. póllíand, 10. írafár, 13. ílm, 15. arfi, 16. móg, 19. dd.

**SKÁK**

Gunnar Björnsson

Fjórlegasta skák sjöundu umferðar Gagnaveitumótsins var án efa skák Stefáns Kristjánssonar (2491) og Jóhanns H. Ragnarssonar (2037) Hvítur á leik



11. Bxc4! (Langbesta leiðin til að þróa hvítu stöðuna) 11...dxc4 12. 0-0 Be7 13. He1 Kf8 14. De2 f6? (14...g5!) 15. Rxc4 Bg4 16. d5 Bxf3 17. gxf3 Dd4 18. d6! Dxd4 19. dxe7+ Rxe7 20. Dxe7+ Kg8 21. De6+ Kh7 22. Df5+ og svartur gafst upp. Einar Hjalti Jensson er efstur á mötinu. [www.skak.is](http://www.skak.is). Lokaumferð Stórmeistaramóts TR fer fram í dag.



**SORGÆDDUR** Justin Bieber sendi frá sér nýtt lag í gær. Lagið fjallar um ástarsorg.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Samdi lag í ástarsorg

Justin Bieber sendi frá sér lagið Heartbreaker í gær. Lagið fjallar um ástarsorg.

Justin Bieber sendi frá sér nýtt lag í gær og er titill þess Heartbreaker. Söngvarinn segist hafa samið lagið er hann var í ástarsorg.

„Þetta er lag fyrir þá sem eru að ganga í gegnum ástarsorg, eins og ég gerði á þeim tíma sem lagið var samið. Það er mér mikils virði að geta deilt tilfinningum mínum með aðdáendum mínum. Ég er mjög

stoltur af þessu lagi og ég vona að aðdáendur mínir kynnist mér betur við að hlusta á það,“ sagði Bieber um tilurð lagsins.

Fjölmíðlar í Bandaríkjunum halda því fram að lagið sé samið um söng- og leikkonuna Selenu Gomez en Bieber og Gomez hættu saman í nóvember í fyrra eftir tveggja ára samband. Párið endurnýjaði sam-

bandið sama mánuð en hætti aftur saman í janúar á þessu ári.

Í textanum við Heartbreaker segir meðal annars: „Ég get ekki borðað, ég get ekki sofið, ég vil ekki svara símanum. Ég get ekki talað, ég get ekki andað,“ og því ljóst að söngvaranum unga hefur liðið bölvánlega í kjölfar sambandsslitanna við Gomez.

# Berja í ruslafötur og vaska

Stomp er heimsfræg sýning sem verður í Eldborgarsalnum í Hörpu í desember.

„Þetta eru 17 manns sem koma til landsins, ásamt 40 feta gámi með leikmynd,“ segir Arngrímur Fannar Haraldsson, verkefnastjóri tónlistarsviðs Hörpu, um Stomp-sýninguna sem væntanleg er hingað til lands. Breska sýningin Stomp hefur farið sigurför um heiminn og verður sett upp í Eldborgarsalnum í Hörpu 18., 19. og 20. desember.

Stomp sameinar leikhús, dans og hryntónlist en flytjendur notast við stígvél, ruslafötur, sópa, vaska og margt fleira til að búa til stórkostlegan takt sem hrifið hefur áhorfendur um heim allan.

„Þetta er allt mjög hæfileikaríkt fólk og miklir íþróttamenn, fólk er á fullu allan tímann.“

Sýningin kom hingað til lands árið 2000 en hún hefur verið uppfærð og þróuð. Miðasala á sýninguna fer fram á harpa.is.



**HEIMSFÆG SÝNING** Breska sýningin Stomp verður sýnd hér á landi í desember. MYND/STEVE MCNICHOLAS

**ERLEND KLASSÍK**

## „Eitt af stórvirkjum nútímans.“

ESSENCE

„Grípur lesanda sinn og heldur honum föstum allt til loka.“

Eysteinn Sigurðsson / Tíminn

*Purpuraliturinn* er saga um gleði, sársauka og ást; saga sem höfðar til dýpstu tilfinninga lesandans.

[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is) – alvöru bókabúð á netinu

Vissir þú að... börn ega rætt að leita sér

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

Út í ljósi. Fallganga eftir Tómas Guðmundsson

MYTA, HÖBBI / 01A 13 2008

# SJÁIÐ TINDINN! ÞARNA FÓR ÉG



Skýr.is

## Jeppi í Vesturporti

LEIKLIST ★★★★★

### Jeppi á Fjalli

**HÖFUNDUR** LUDVIG HOLBERG **LEIKSTJÓRN** BENEDIKT ERLINGSSON **PÝÐING** BRAGI VALDIMAR SKÚLASON **LEIKMYND** GREYAR REYNISSON **BÚNINGAR** AGNIESZKA BARANOWSKA **LÝSING** BJÖRN BERGSTEINN GUDMUNDSSON **HLJÓÐ** GUNNAR SIGURBJÖRNSSON **TÓNLIST OG TEXTI** MEGAS OG BRAGI VALDIMAR SKÚLASON

Jeppi á Fjalli eftir Ludvig Holberg er dönsk sveitaklassík frá öndverðri átjándu öld, sniðin eftir frönskum og rómverskum munstrum. Þó að Danir hafi látið Jeppa og aðrar komedíur Holbergs sér vel líka nú á þriðju öld, fer því víðs fjarri að þær séu einhverjar heimsbókmenntir. Byggingin er sjaldnast með miklum glæsibrag né persónurnar geðugar. Boðskapnum einatt troðið ofan í kok áhorfandans. Ætli satíran um lærdómshrokann, Erasmus Montanus, sé ekki einna skást þeirra, sú sem helst mætti hafa gaman af nú á tímum?

Leikfélag Reykjavíkur frumsýndi einhvers konar kabarett-músíkal upp úr Jeppa á Nýja sviðinu nú fyrir helgi. Benedikt Erlingsson leikstýrir og kippir inn á sviðið heilu bandi. Megas semur tónlist og söngtexta ásamt Baggalútnum Braga Valdimar Skúlasyni, sem þýðir leiktextann, rækilega stytta og frjálslega með farinn. Það var allt snoturlega gert hjá þeim, ljúft og þægilegt áheyrnar. En í heild er sýningin afskaplega misleit. Þar eru innan um skemmtileg atriði sem má brosa og jafnvel stöku sinnum hlæja að, með góðum vilja, en til hvers er

verið að draga þennan gamlingja fram og poppa upp fyrir okkur nú, það mega guðirnir vita.

Vissulega er þarna tæpt á sigildum alvörumálum, svo sem alkóhólisma og valdasýki múgamanna. Jeppi bóndi er drykkjusjúklingur; drekkur frá sér vit og rænu á leið í kaupstaðinn, lendir í höndunum á óprúttum baróni og skósvéinum hans, sem drusla garminum heim í höll baróns og leggja í rekkju hans. Þegar karl vaknar telja þeir honum trú um að hann sé húsbóndinn sjálfur, allt hans fyrra eyndarlíf aðeins illur draumur. Þar með talinn hjúskapur hans og skassins hennar Nillu sem er meðvirknin uppmáluð, sýknt og heilagt berjandi á bónda fyrir fyllerið. Sjálfur reynist Jeppi gersamlega forstokkadur, þegar hann fer að trúá á allt platið, og vill nú sem óðast hengja mann og annan. Eins gott að hann drekkur sig aftur út úr og hægt að skila honum á fjóshauginn sem hann var hirtur upp af. Og áhorfandanum ætti að hafa skilist hversu fráleitt sé að hleypa almúganum til valda, nauðsynlegt að muna að völdin séu best geymd hjá aðli og arfakóngi, einvöldum af Guðs náð. Þörf kenning þad, árið 2013.

Það er sem sagt margt skrytið í þessari sýningu og ekki allt ánægjulegt. Sviðsgólfíð er þakið flöskum í hundradatali, sem eiga víst að minna á að Jeppi sé alki, ef það skyldi nú fara fram hjá einhverjum. Á sviðinu er einnig gríðarstór tromla eða hjól, af því tagi sem oft eru sett í búr hjá hömstrum að klifra í og hlaupa; það vantar bara vatnsþyttinn til að gera þetta að fullkomnu Vesturporti. Sumir leik-



**STJARNAN**  
„Hvaða leiðir eru þessum snillingi, honum Ingvari, ekki færar?!“ spyr Jón Viðar.

enda fá stöku sinnum að hendast upp í græjuna og sýna listir sínar, í sönnum portverskum stíl, en annars er hún furðulítið notuð, miðað við alla fyrirferðina. Hafi hún einnig átt að tákna eitthvað sérstakt, mega aðrir en ég skýra það út.

Frammistaða leikenda er misjöfn, vægast sagt, og sumir alls ekki á réttum stað. Músikantarnir eru oft kallaðir til að taka þátt í leiknum: nýgræðingurinn Björn Stefánsson, trúlega betur þekktur sem Bjössí í Mínus, stóð sig einna best af þeim. Bergþór Pálsson leikur baróninn, en Bergþór er söngvari, ekki leikari, og á ekki heima á öðru atvinnusviði en óperusviði. Úr ógeðfældri persónu barónsins gæti snjall leikari gert sér góðan mat, sú varð ekki raunin hér. Hin ágæta leikkona Ilmur Kristjánsdóttir á ekki heldur að koma nærri kven-

vörögum eins og frú Nillu; til þess hefur hún ekki þær vígtennur sem til þarf. Þeir Bergur Þór Ingólfsson og nýliðinn Arnmundur E.B. Björnsson brílléruðu hins vegar sem kómískt dúó, jafn kostulegir sem málóðir málafærslumenn og syngjandi hjúkkur að reyna að vera sætar og sexý. En það er Ingvar E. Sigurðsson í hlutverki Jeppa sem ber kvöldið uppi með afburða vönduðum leik, hreinum stjörnuleik. Það er ár og dagur síðan ég hef séð fylliraft – afsakið: fárveikan alkóhólisma – sýndan svo vel á leiksviði, mann sem er tekinn að brenna út af langvarandi drykkju. Ásjónan að stirðna, augun að slokkna. Það var óhugnanlegt og fyndið í senn, nákvæmlega eins og vera ber. Hvaða leiðir eru þessum snillingi, honum Ingvari, ekki færar?!


Leikir Holbergs gegndu sögulegu hlutverki á sinni tíð, ekki aðeins hjá Dönum, heldur einnig hér hjá okkur. En nú ætti þessi konungholli móralisti að fá að hvíla í friði í sinni dönsku grund. Íslensku leikhúsi væri nær að fara að sinna leikjum lærimeistara hans, Molières, sem hér hafa lengst af verið sorglega vanræktir. Eru hinir bestu þeirra þó löngu orðnir sameign mannkyns, óbrotgjörn list ofar stað og stund, eitt af því sem hver kynslóð áhorfenda á að fá að kynna og njóta.

Jón Viðar Jónsson

**NIÐURSTAÐA:** Gömul dönsk sveitaklassík, framreidd í frekar bragðlausri íslenski kabarettfroðu, er ekki spennandi réttur. En Ingvar E. bjargar kvöldinu með stjörnuleik sem enginn leiklistarunnandi má missa af.

## Láttu hjartað ráða



**10 KRÓNUR** AF HVERRI SELDRI HIMNESKT VÖRU Í OKTÓBER RENNA TIL LJÓSSINS  LJÓSIÐ

„Hrískökurnar mínar eru glútenlausar og góðar með ýmsu áleggi. Þær eru hollar og henta því vel á milli mála.“

*Sella*

**BONUS**

**HAGKAUP**



**HIMNESKT**

# Harmsaga í Kennedy Center í Washington

Sýningu Þjóðleikhússins á Harmsögu eftir Mikael Torfason hefur verið boðið á alþjóðlegu leiklistarhátíðina World Stages í Washington í mars.

Þetta er aðallega stórkostlegur heiður fyrir sýninguna og Þjóðleikhúsið,“ segir Una Þorleifsdóttir, leikstjóri Harmsögu. „Útsendar Kennedy Center voru staddir hérlendis í öðrum erindagjörðum en var boðið á frumsýninguna og heilluðust svona gjörsamlega.“

Hátíðin sem um ræðir nefnist World Stages: International Theater Festival 2014 og verður haldin dagana 10. til 30. mars. Þar verða sýndar leiksýningar sem þykja skara fram úr hvaðanæva úr heiminum. Harmsaga verður sýnd tvisvar, 15. og 16. mars, og í sömu vikunni verður leikritið Rupert eftir eitt þekktasta leikskáld Ástrala, Lee Lewis, frumsýnt í Bandarík-



UNA ÞORLEIFSDÓTTIR

unum. Það fjallar um fjölmiðlamógúlinn Rupert Murdoch. Strax á eftir Harmsögu verður svo franskt leikrit með Emmanuelle Riva, aðalleikkonunni í Amour, frumsýnt í Bandaríkjunum.

Hugmyndin er að leika á ensku og verður verkið þýtt og æft upp á nýtt á næsta ári. Ekki er ráðið hver muni sjá um þýðinguna, enda segir Una að samningar hafi verið undirritaðir á föstudaginn var og því ekki búið að ganga frá smáatriðum.

Leikarar í Harmsögu eru Snorri Engilbertsson og Elma Stefanía Ágústsdóttir.

- fsb



**HARMSAGA TIL WASHINGTON** Leikarar í Harmsögu eru Snorri Engilbertsson og Elma Stefanía Ágústsdóttir.



**DANSARI** Margrét Sara sýndi tilþrif á menningarnótt í París.

## Í Pompidou-safninu í París

Margrét Sara Guðjónsdóttir dansaði í Pompidou-safninu í París á menningarnótt Parísar-búa um síðustu helgi. Verkið sem sýnt var heitir This is how you will disappear. Það er eftir Gisele Vienne og Dennis Cooper og Margrét Sara fer með aðalhlutverkið.

Verkið var frumsýnt 2010 á Festival D'Avignon, einni og virtustu leik- og danslistarhátíð í Evrópu, en hefur síðan farið víða um heim og Margrét Sara fengið lofsamlega dóma fyrir dans sinn.



**SURTSEY** Allar myndirnar á sýningunni eru frá Surtsey.

## Þórunn Bára í Smiðjunni

Þórunn Bára opnar myndlistarsýningu í Smiðjunni Listhúsi í Ármúla 36 fimmtudaginn 10. október klukkan 20. Sýningin ber nafnið Surtsey en listakonan segist vera heilluð af eyjunni og framvindu lífs þar.

Verkin á sýningunni eru olíu- og akrílverk, flest abstraktverk með figúratífu ívafi, sem Þórunn hefur málað á síðustu fjórum árum.

Þórunn lauk myndlistarnámi frá listaháskólanum í Edinborg og mastersnámi frá Wesleyan-háskólanum í Bandaríkjunum. Sýningin í Smiðjunni stendur til 20. október.

# Bosch-dagar

Þýsk gæða-heimilistæki frá Bosch nú á frábæru tilboðsverði.

Made by Germans



Þú sparar 10.000 kr.



**Ryksuga**  
BSGL 32238  
2200 W. Hepa-sía. Parkethaus fylgir með. Vinnuradius: 10 metrar.

**Tilboð:**  
**24.900 kr.**

Fullt verð: 34.900 kr.

Þú sparar 50.000 kr.



**Kælikápur, úr stáli (kámfrír)**  
KGN 36NL20

Orkuflokkur A+. NoFrost: Affrýsting óþörf. Tvö kælikerfi. Kælir: 221 lítra. Frystir: 86 lítra. H x b x d: 186 x 60 x 60 sm.

**Tilboð:**  
**149.900 kr.**

Fullt verð: 199.900 kr.



Þú sparar 40.000 kr.

**Purrkari**  
WTW 84100SN

Barkalaus. Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+. Sérkerfi: Íþróttafatnaður og 40 mín. hraðkerfi. Nýjung: Sjálfreinsandi rakapéttr.

**Tilboð:**  
**149.900 kr.**

Fullt verð: 189.900 kr.

**Uppþvottavélar**

Mjög hljóðlátar, 44 dB. Orkuflokkur A++. 14 manna. Fimm kerfi. Séraðgerðir: Tímastyttung kerfa, kraftþvottur og kraftþurrkun.

**Tilboð (hvít):**  
**139.900 kr.**

SMU 58M22SK  
Fullt verð: 189.900 kr.

**Tilboð (stál):**  
**149.900 kr.**

SMU 58M25SK  
Fullt verð: 199.900 kr.



Þú sparar 50.000 kr.

**Bakstursofn**  
HBA 23B151

XXL ofnrými: 67 lítra. Orkuflokkur A. Fimm hitunaraðgerðir.

**Tilboð:**  
**99.900 kr.**

Fullt verð: 144.900 kr.



Þú sparar 45.000 kr.

**Þvottavél**  
WAE 28271SN

Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+++. Hámarksvinduhraði: 1400 sn./mín.

**Tilboð:**  
**119.900 kr.**

Fullt verð: 149.900 kr.



Þú sparar 30.000 kr.

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

Öll tilboð gilda til og með 12. október eða á meðan birgðir endast.

**BOSCH**

**- BÚÐIN -**

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

# Tilfinningaklám og sleggjudómar

**BAKPANKAR**  
Ólafur  
Skaftadóttur

Ég er tiltölulega nýr bakpankahöfundur og hef rétt fengið smjörþefinn af því að þurfa að tjá mig reglulega um menn og mál-efni fyrir framan alþjóð. Í því felst spennandi ógrun – ekki síst fyrir fólk eins og mig, sem hefur ekki búið sig sérstaklega undir það að þurfa að hafa skoðanir á flestum hlutum. Ég hef því ákveðið að láta bara flakka – gera ekki minnstu tilraun til að vera samkvæm sjálfri mér í þessum pistla-skrifum.

**ALLA** tíð hef ég staðið mig að því að þurfa að vera ósammála mér, hafa eina skoðun fyrir hádegi og aðra eftir hádegi. Stund-um fer það eftir því hvaða röksemd maður heyrir síðast. Ef röksemdin er vond, bygg-ist til dæmis á tilfinningaklámi, á ég það til að snúast öndverð, jafnvel þó að málstaðurinn sé athyglisverður. Smekkvísi í málflutningi skiptir þess vegna höfuðmáli ef ætlunin er að sannfæra mig.

**PEIR** sem rembast við að renna stöðum undir sjónarmið til þess eins að sanna að þeir hafi haft rétt fyrir sér í ein- hverjum pistli eða málflutningi

einhvern tíma eru komnir í algjört þrot. Það eru vond örlög að festast í löngu úr sér gengnum viðhorfum sem nýjar upplýsing- ar og reynsla hafa kipt stöðum undan. Ráðstefnur um hrunmál með handvöldum skoðanabræðrum, íslenskum eða erlendum, breyta engu um málavöxtu en vekja aftur á móti grunsemdir um vonda samvisku þeirra sem eiga í hlut.

**PESSI** fúli pyttur er hættulegri í okkar litla samfélagi en í mörgum öðrum. Hérna geta rit- og málgláðir sleggjudómarar, sem ekki einu sinni hafa fyrir því að kynna sér staðreyndir eða afla gagna, haft ótrúleg áhrif á daglega umræðu.

**ÞAD** vantar fjölbreytni í hugmyndabank- ann. Hann verður því ekki til, vettvangur- inn sem sjónarmiðin gerjast á. Við það má bæta að endalaus einhliða málflutningur er líka bara svo mokleiddur.

**ANNARS** er ég kannski örlítið dómhörð í okkar garð. Það er ekki eins og allt sem maður sér í útlendri þjóðmálaumræðu sé sérstaklega merkilegt. Þaðan berast aldeilis misvísandi fréttir um það sem setti heims- byggðina á vonarvöl fyrir fimm árum.



**NÝ SVEIT, NÝ PLATA** Nýja hljómsveitin Drangar gefur út plötu á næstunni.

MYND/JÓN ÞÓR ÞORLEIFSSON

# Tríoíð Drangar ætlar að sigra heiminn

Mugison, Jónas Sig og Ómar Guðjónsson hafa stofnað ofurhljómsveitina Dranga. Ár er síðan meðlimir sveitarinnar hófu að æfa saman í laumi.

„Hljómsveitin Drangar varð ekki til í bátnum Húna, það er alveg tæpt ár síðan við höfum leik í leyni,“ segir Órn Elías Guðmunds- son, betur þekktur sem Mugison, um upphaf hljómsveitarinnar Dranga. Sveitina skipa, ásamt Mugison, Jónas Sigurðsson og Ómar Guðjónsson.

„Þegar Jónas og Ómar túruðu um landið síðastliðinn vetur hafði ég heyrð að þeir vildu taka „lókal“ fólk í eitthvert glens með sér á tón- leikum. Þegar þeir komu til Flat- eyrar fékk ég að skemmta með þeim og það var svo svakalega gaman að við ákváðum að stofna

hljómsveit,“ segir Órn Elías um sögu sveitarinnar.

Deir félagar stofnuðu Facebook- síðu og voru komnir með rúm þús- und læk á stuttum tíma. Á síðunni birtu þeir fyrsta smáskífulagið af væntanlegri plötu en lagið heitir Bál. „Platan var að mestu tekin upp í Súðavík en textarnir voru að mestu ortir á Borgarfirði eystri. Fyrir austan var vinnudagurinn ansi hressandi. Við vöknudum klukkan níu og fengum okkur að borða, unnum svo frá tíu til tvö en þá tók við göngutúr. Þá lögðum við okkur klukkan þrjú og fórum svo í sjósund og spa á milli fjögur og

fimm, svo var bara unnið í textum allt kvöldið.“

Óhætt er að segja að sveitin sé afar frjó en á fyrstu tveimur æfingunum urðu til þrjátíu lög. Þá var skorið niður og einblínt á þrettán bestu lögin og verða þau á væntanlegri plötu.

Meðlimir sveitarinnar hróka- era á milli hljóðfæra, á milli laga. „Við unnum þetta allt í sam- einungu og var þetta virkilega skemmtilegt ferli,“ bætir Órn Elías við.

Drangar stefna á tónleikaferða- lag með útgáfu plötunnar en hún kemur út á næstu vikum. -gfp

**SMÁRÁBÍÓ**

**ABOUT TIME** KL. 8 - 10:40

**TÚRBÓ 2D / 3D ÍSLTAL** KL. 3:30 - 5:40

**RUNNER RUNNER** KL. 8 - 10

**RUNNER RUNNER LÚXUS** KL. 10

**HROSS Í OSS** KL. 4 - 6 - 8

**HROSS Í OSS LÚXUS** KL. 4 - 6 - 8

**AULINN ÉG 2 2D** KL. 3:30 - 5:45

**BLUE JASMIN** KL. 8

**ELYSIUM** KL. 10:15

**2 GUNS** KL. 10:15

Miðasala á: [midi.is](http://midi.is) og [eMiði](http://eMiði)

**HÁSKÓLABÍÓ**

**SVONA ER SANLITUN** KL. 5:45 - 8 - 10:15

**TÚRBÓ 2D** KL. 5:45

**HROSS Í OSS** KL. 6 - 8 - 10

**BLUE JASMIN** KL. 5:45 - 8 - 10:15

**DIANA** KL. 8 - 10:30

**BORGARBÍÓ** PRÍÐJUDAGSTILBOÐIN, GILDIR EKKI Á BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS

**TURBO 3D** KL. 6

**ABOUT TIME** KL. 8 - 10:10

**RUNNER RUNNER** KL. 8 - 10

**AULINN ÉG 2 3D** KL. 6

**LAUGARÁS BÍÓ**

www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

**ABOUT TIME** KL. 8 - 10

**TURBO** KL. 10

**RUNNER RUNNER** KL. 8 - 10

**DIANA** KL. 8

**AULINN ÉG 2** KL. 10:30

**MALAVITA** KL. 10:30

**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

**ABOUT TIME** 6, 9

**TÚRBÓ - ÍSL** 5:50 3D

**RUNNER RUNNER** 8, 10

**DIANA** 8

**AULINN ÉG 2 - ÍSL** 5:50 2D

**MALAVITA** 10:30

**SAMBÍÓIN**

HUGH JACKMAN - JAKE GYLLENHAAL Í EINI BESTU MYND ÁRSINS

**PRISONERS** KL. 6 - 8 - 9 - 10:10

**PRISONERS VIP** KL. 6 - 9

**TÚRBÓ 3D** KL. 5:50

**TÚRBÓ 2D** KL. 5:50

**DON JON** KL. 5:50 - 8 - 10:10

**WELCOME TO THE PUNCH** KL. 8

**RIDDICK** KL. 10:20

**AULINN ÉG 2 3D** KL. 5:50

**WE'RE THE MILLERS** KL. 8

**KEFLAVÍK**

**PRISONERS** KL. 8

**ABOUT TIME** KL. 8

**TÚRBÓ 3D** KL. 5:50

**DON JON** KL. 11

**RUNNER RUNNER** KL. 10:30

**AULINN ÉG 2 2D** KL. 5:50

**PRÍÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG** GILDIR EKKI Á ÍSLNSKAR MYNDIR

**FERSKASTA MYND ÁRSINS**

**DON JON** KL. 5:50

**RIDDICK** KL. 8 - 11

**THE BUTLER** KL. 8 - 10:30

**THE BUTLER** KL. 5:20 - 8

**AULINN ÉG 2 2D** KL. 5:50

**THE CONJURING** KL. 10:40

**EGILSHÖLL**

**PRISONERS** KL. 5 - 8 - 10:10

**TÚRBÓ 2D** KL. 5:50

**DON JON** KL. 8 - 11

**RIDDICK** KL. 8 - 10:30

**THE BUTLER** KL. 5:20 - 8

**AULINN ÉG 2 2D** KL. 5:50

**THE CONJURING** KL. 10:40

**KEFLAVÍK**

**PRISONERS** KL. 8

**WELCOME TO THE PUNCH** KL. 10:40

**THE BUTLER** KL. 5 - 8

**CITY OF BONES** KL. 5:30

**AKUREYRI**

**PRISONERS** KL. 8:30 - 10:10

**DON JON** KL. 8

**THE BUTLER** KL. 5:50

**FLUGVÉLAR 3D** KL. 5:50

**Kvikmyndasafn Íslands**

sýnir í **Bæjarbíói**

príðjudaga kl. 20:00 og laugardaga kl. 16:00

Sjá sýningaskrá á: [www.kvikmyndasafn.is](http://www.kvikmyndasafn.is)

**FARÐU OG SJÁÐU** (COME AND SEE)

Ahrfamíkil, sláandi og margverðlaunuð kvikmynd um grimmdarverk herja fasista í Sovétríkjunum í heimsstyrjöldinni síðari. Myndin gerist á árinu 1943 í Hvíta-Rússlandi sem varð einna verst úti af völdum innrásarherja Þjóðverja. 628 hvítarússnesk sveitabörp voru jöfnuð við jörðu og meira en 100 þúsund íbúar, konur og börn, brenndir inni.

**CHILDS POSE**

VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA HALDA VINSÆLUSTU KVIKMYNDIRNAR Á EFFI ÁFRAM Í SÝNINGUM Í BÍÓ PARADÍS!

**BÍÓ PARADÍS** EUROPA CINEMAS

**LA GRANDE BELLEZZA**

SJÁ SÝNINGARTÍMA Á [WWW.BIOPARADIS.IS](http://WWW.BIOPARADIS.IS) - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



# VERÐLAUNASJÓNVÖRP



# PHILIPS



- Örpunnt LED háskerpu sjónvarp með Incredible Contrast
- Pixel Plus HD örgjörvi tryggir hágæða Philips myndgæði
- 300 Hz Perfect Motion Rate gerir hröðustu myndir skarpar og skýrar
- Glæsileg hönnun með örpunnum ramma
- Snjallsjónvarp með þráðlausu neti sem opnar heim afþreyingar á netinu
- Ambilight baklýsing gefur aukna upplifun
- Simply Share - einfalt að skoða efni af tölvum og senda efni yfir á spjaldtölvur og síma
- MyRemote - hægt að nota spjaldtölvur og síma til að fjarstýra tækinu
- Easy 3D svo hægt er að horfa á efni í þrívídd - 2 gleraugu fylgja



32"

Philips 32PFL5008T

**VERÐ**

**149.995**

FRÁBÆRT VERÐ

42"

Philips 42PFL5008T

**VERÐ**

**189.995**

FRÁBÆRT VERÐ

47"

Philips 47PFL5008T

**VERÐ**

**269.995**

FRÁBÆRT VERÐ

50"

Philips 50PFL5008T

**VERÐ**

**299.995**

FRÁBÆRT VERÐ



**Heimplistæki** ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

## Nýr þjálfari ráðinn til Fram í vikulok

**FÓTBOLTI** Fram hefur ekki enn ráðið þjálfara fyrir meistaraflokk karla en stjórn knattspyrnudeildar Fram náði ekki samkomulagi við Ríkharð Daðason um að halda áfram.

Sverrir Einarsson, formaður knattspyrnudeildar Fram, staðfestir að Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fyrrverandi þjálfari kvennalandsliðsins, sé einn af þeim sem koma til greina þó svo að Sigurður sé enn að bíða eftir því hvort hann fái starf landsliðsþjálfara



SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON

kvennalandsliðs Englands. Aftur á móti segir Sverrir ekkert hæft í þeim orðrómi að Framarar hafi verið í viðræðum við Þorlák Árnason, fyrrverandi þjálfara kvennalandsliðs Stjörnunnar, og Rúnar Pál Sigmundsson, aðstoðarþjálfari Stjörnunnar. „Við gefum okkur vikuna í þetta. Við erum harðir á því að kynna nýjan þjálfara í lok vikunnar,“ segir Sverrir.

- hbg

## Mál Guðjóns gegn Grindavík tekið fyrir

**FÓTBOLTI** Árið 2011 var Guðjón Þórðarson ráðinn þjálfari Grindavíkinga og gerði þá þriggja ára samning við knattspyrnudeild félagsins.

Guðjón stýrði liðinu í eitt tímabil og féll Grindavík úr Pepsi-deildinni haustið 2012. Guðjóni var gert að hætta með liðið eftir tímabilið þar sem knattspyrnudeild Grindavíkur nýtti sér ákvæði í samningi sínum við Guðjón og var launalið sagt upp frá áramótum 2012-13. Milan Stefán Jankovic var síðan formlega ráðinn þjálfari liðsins þann 16. janúar 2013.

Guðjón Þórðarson hefur nú stefnt knattspyrnudeild Grindavíkur vegna vangaldinna launa og verður málið tekið fyrir þann 15. október í Héraðsdómi Reykjaness. Íþróttadeildin hefur heimildir fyrir því að þjálfarinn hafi fengið tilboð frá Grindvikingum eftir að tilkynnt var um ráðningu nýs þjálfara. Tilboðið hafi hljóðað upp á fimmtíu þúsund krónur á mánuði út samninginn en það mun hafa verið mikil launaskerðing sem þjálfarinn vildi ekki sætta sig við.

- sáþ



Í MÁL Guðjón Þórðarson stefnir Grindvikingum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



FER EKKERT Dagur heldur áfram með lið Fúchse Berlin. NORDICPHOTOS/GETTY

## Danir vildu fá Dag í vinnu

**HANDBOLTI** Íslenskir handknattleiksþjálfarar halda áfram að vekja athygli erlendis en danska handknattleikssambandið mun hafa reynt ítrekað að ráða Dag Sigurðsson, þjálfara Fúchse Berlin, sem næsta landsliðsþjálfara.

Reyndar virðast Danir fyrst og fremst hafa áhuga á íslenskum þjálfurum enda hafa þeir verið að gera það gott undanfarnin ár á erlendum vettvangi.

Bob Hanning, forseti Fúchse Berlin, mun aftur á móti hafa sagt þvert nei við bön danska sambandsins. Dagur mun hafa verið fremstur á óskalista danska sambandsins en mun að öllum líkindum ekki taka við landsliðinu.

Samkvæmt heimildum íþróttadeildar mun sambandið einnig hafa rætt við Guðmund Guðmundsson, þjálfara Rhein-Neckar Löwen, um starfið og eru viðræður í gangi. Ekki náðist í Guðmund í gær vegna málsins.

Ólafur Stefánsson greindi svo frá því í Sportsþjallinu á Vísi í síðustu viku að Danir hefðu einnig boðið honum starfið. Hann afþakkaði þent.

Ulrik Wílbek, landsliðsþjálfari Danmerkur, mun hætta með liðið eftir Evrópumótið í janúar sem fer einmitt fram á heimavelli þeirra.

- sáþ

## Bjartsýnn á að Lars haldi áfram með liðið

Formaður KSÍ, Geir Þorsteinsson, segir Svíann Lars Lagerbäck vera jákvæðan fyrir því að halda áfram þjálfun íslenska landsliðsins. Formlegar viðræður hefjast í næstu viku. Lagerbäck hafði jafnvel hugsað sér að hætta í þjálfun.

**FÓTBOLTI** Undankeppni HM 2014 lýkur eftir slétta viku en þá spilar Ísland við Noreg ytra. Á föstudaginn spilar íslenska landsliðið við Kýpur á heimavelli.

Ef vel gengur í þessum leikjum tryggir Ísland sér sæti í umspili fyrir HM, annars er ballið búið í bili.

Svínn Lars Lagerbäck hefur komið mjög sterkur inn í starf landsliðsþjálfara og margt breyst til batnaðar síðan hann tók við. Samningur hans rennur aftur á móti út eftir undankeppnina og menn spyrja eðlilega hvort Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, ætli sér ekki að framlengja við Svíann.

## Talað saman síðan í vor

„Við erum að tala saman um framtíðina. Höfum verið að gera það síðan í vor. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið,“ segir Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, léttur.

„Ég er bjartsýnn á að Lars haldi áfram en það er ekki búið að ganga frá neinu. Við munum klára þessa tvo leiki sem eru eftir áður en við setjumst niður með formlegum hætti. Við höfum aftur á móti spjallað saman á þeim nóttum að hann haldi áfram og viðbrögð hans hafa verið jákvæð.“

Lagerbäck er orðinn 65 ára gamall en er við fína heilsu. Er hann tók við íslenska landsliðinu stóð ekki til að staldra mjög lengi við.

„Þegar hann kom til starfa áttu þetta að vera lokaárin í þjálfuninni hjá honum. Hann þarf auðvitað að huga að sínum málum en mér finnst hann vera jákvæður og þess vegna er ég bjartsýnn á að hann haldi áfram. Hann er ánægður í starfi og með strákana og liðið.“



FARSÆLT SAMSTARF Lagerbäck tók við landsliðinu fyrir um tveimur árum og árangurinn hefur verið allt annar síðan hann tók við. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það hjálpar vissulega til og ekki skemmir fyrir að það hefur einnig gengið vel.“

## Mun ræða fyrst við KSÍ

Árangur íslenska landsliðsins hefur að sama skapi gert það að verkum að nafn Svíans hefur verið nefnt í sambandi við önnur landslið. Árangurinn hefur komið honum aftur á kortið og ekkert ólíklegt að KSÍ þurfi að keppa um þjónustu hans.

„Við erum alveg rólegir yfir því enda ætlar hann að ræða fyrst við okkur,“ segir Geir. Sér hann fram á einhverjar hindranir eins og

„Við höfum spjallað saman síðan í vor og hann er jákvæður fyrir því að halda áfram með íslenska landsliðið.“

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ

kröfu um hærra laun í viðræðunum við Svíann?

„Ég sé engar sérstakar hindranir í því sambandi. Hann hefur aðallega verið að hugsa sinn gang eðlilega. Hvað hann vilji gera.“

henry@frettabladid.is



ÓFLUG Hólmfríður hefur slegið í gegn í Noregi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Besta sóknarpar Noregs

**FÓTBOLTI** Hólmfríður Magnúsdóttir sló heldur betur í gegn í norska bikarnum um helgina þegar hún skoraði fjögur mörk og lagði upp eitt í sigri Avaldsnes á Vålerenga í undanúrslitunum.

Nú af ellefu leikmönnum liðsins sem byrjuðu leikinn í gær koma að utan; þrír Íslendingar, þrír Brasilíumenn, tveir Bandaríkjamenn og Íri voru í byrjunarliðinu í gær, ásamt tveimur heimastúlkum frá Noregi.

„Þegar við vorum að undirbúa liðið fyrir tímabilið var markmiðið alltaf að reyna að fá eins margar heimastúlkur og við gátum en norsku leikmennirnir vildu einfaldlega ekki flytja hingað,“ sagði Roar Wold, þjálfari Avaldsnes.

„Þá urðum við að reyna að fá gæðaleikmenn að utan. Við reukum knattspyrnudeildina á 5-6 milljónum norskra króna á ári og það er umtalsvert minna en rekstrarkostnaður Lillestrøm,“ sagði Wold en Avaldsnes mættir Lillestrøm í úrslitum bikarsins.

„Mínir leikmenn fara oft ekki fram á mikil laun og vilja koma hingað til að upplifa ákveðið ævintýri,“ segir Wold sem hefur greinilega mikla trú á Hólmfríði. Hann segir sóknardúettinn Hólmfríði og Cecilie Pedersen þann besta í Noregi þegar þær ná sér á strik. „Á því leikur ekki nokkur vafi.“

- sáþ

## ÞEGAR HÖNNUN OG ÞÆGINDI FARA SAMAN



**TIMEOUT**  
hægindastóll  
í svörtu leðri  
og hnotu.



**PRIME**  
hægindastóll  
í hvítu leðri  
og eik.



**LEVANTO**  
hægindastóll  
með skemli  
í leðri.



**Opus**  
hægindastóll  
með skemli  
í áklæði.





# HOT YOGA ÁSKORUN

## HOT YOGA ALLA VIRKA DAGA Í 4 VIKUR

### UMSAGNIR VIÐSKIPTAVINA:

"Ég er með gigt og er orðin háð hot yoga, mér líður mun betur þegar ég mæfi reglulega í Hot Yoga"

"Ég er léttari á mér og ber mig betur en áður"

"Ég er liðugri, sterkari og grennri"

Ég sef loksins betur"



**Aðalumsjón og kennari:** Jóhanna Karlsdóttir með hæstu gráðu frá í Yoga fræðum frá Yoga Alliance. Jóhanna er nýkomin heim frá Tælandi þar sem hún kenndi meðal þeirra færustu og reynslumestu í heiminum Absolute Hot Yoga

### VERÐSKRÁ

Tími	Verð
4 vikur	14.900 kr.
10 tíma klippikort	12.000 kr. / 8.500 kr. fyrir meðlimi
6 mán áskrift	11.900 kr. á mán
12 mán áskrift + kaupauki	7.900 kr. á mán



### TÍMATAFLA

mán.	þri.	mið.	fim.	fös.
6:15 (60 mín)		6:15 (60 mín)		6:15 (60 mín)
9:00 (60 mín)		9:00 (60 mín)		9:00 (90 mín)
	12:00 (60 mín)		12:00 (60 mín)	
17:30 (90 mín)		17:30 (90 mín)		17:30 (75 mín)
	18:15 (90 mín)		18:15 (90 mín)	
19:30 (60 mín)	20:00 (75 mín)	19:30 (60 mín)	20:00 (75 mín)	

**Laugardaga** stakur tími (90 mín.) 1.700 kr. / 1.000 kr. fyrir meðlimi

Nánari upplýsingar & skráning í S: 564 4050, [www.sporthusid.is](http://www.sporthusid.is) eða á netfangi [gunnhildur@sporthusid.is](mailto:gunnhildur@sporthusid.is)



## SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

þín þróun...

## GRUNNÁMSKEIÐ HEFJAST 9. OKTÓBER

4 VIKNA GRUNNÁMSKEIÐ + 4 VIKUR Í FRAMHALDSTÍMA.

**AÐEINS 17.500,- kr.**

Grunnámskeið eru kennd þriðjudaga, miðvikudaga & föstudaga.  
Tímar í boði: 6:00, 7:00, 12:00, 17:30 & 18:30

**CrossFit  
SportHúsinu**

Nánari upplýsingar & skráning í S: 564 4050, [www.sporthusid.is](http://www.sporthusid.is) eða á netfangið [gunnhildur@sporthusid.is](mailto:gunnhildur@sporthusid.is)



# Við fjármögnum nýja fjölskyldubílinn

Pegar fjölskyldan stækkar getur nýrri, spameytnari og öruggari bíll gert gæfumuninn. Með faglegri ráðgjöf og góðri þjónustu hjálpum við ykkur að fjármagna það sem upp á vantar til að þið getið fengið ykkur nýjan fjölskyldubíl.

**Við aðstoðum með ánægju.**

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > [www.ergo.is](http://www.ergo.is) > [ergo@ergo.is](mailto:ergo@ergo.is)

**ergo** 

**50%**  
afsláttur af  
lántökugjöldum\*  
í október  
\*á bílalánum og bílasamningum

## MORGUNMATURINN



„Kaffi og lýsi. Hið klassíska kombó sem allir þekkja og elska.“

Berglind Pétursdóttir, dansari, gif-drottning og textahöfundur.

## Knattspyrnusnillingar með tónleika í kvöld

Hólmfríður Ósk og Greta Mjöll Samúelsdætur koma fram á tónleikum ásamt Guðmundi Reyni Gunnarssyni.

„Það verður nóg að gera hjá Mumma Íslandsmeistara á tónleikunum, hann spilar með okkur og líka með eigin hljómsveit,“ segir Hólmfríður Ósk Samúelsdóttir um Guðmund Reyni Gunnarsson fótboltakappa, en þau koma fram saman á tónleikum á Rósenberg í kvöld. Hófi skipar hljómsveitina SamSam ásamt systur sinni Gretu Mjöll Samúelsdóttur.

„Mummi og Greta kynntust vel úti í Boston þegar þau voru þar bæði í námi og í kjölfarið fór þau að ræða samstarf í tónlist.“

Guðmundur Reynir, sem gaf út

plötu árið 2010, kemur einnig fram með eigin hljómsveit á tónleikunum. „Okkur vantaði píanóleikara og Mummi er mjög góður píanóleikari og því var tilvalið að fá hann með okkur,“ bætir Hófi við, en Mummi hefur komið talsvert fram með systurum undanfarið.

SamSam og Mummi stefna að plötuútgáfu með vorinu. „Það er draumur að gefa út plötu með vorinu, það er næst á dagskrá hjá okkur,“ segir Hófi að lokum. Tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 21.

- glp



**SYSTUR SPILA SAMAN** Hólmfríður Ósk og Greta Mjöll Samúelsdætur koma fram á Rósenberg í kvöld ásamt Guðmundi Reyni Gunnarssyni.

MYND/HANNA GESTSDÓTTIR

# HUMAR

## 2.600 kr/kg

Stærð 30/40

### Súr Hvalur

### Heildsala Kóngsins

Sendum ferskan og frosinn fisk alla daga til fyrirtækja og stofnana.

Sími 777 2002, Ármann Sal.

## Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 fiskikongurinn.is s. 587 7755

## Útgáfa í N-Ameríku í samstarfi við Disney

Edda útgáfa er á leiðinni í samstarf við bandaríska stórfyrirtækið Disney.

„Við teljum að þetta sé tækifæri sem íslensk útgáfufyrirtæki fá ekki oft,“ segir Jón Axel Ólafsson, útgefandi og stjórnarformaður Eddu útgáfu. Bandaríska stórfyrirtækið Disney hefur beðið Eddu um að koma að útgáfu á nokkrum vörulínunum sem tengjast bæði kvikmyndum og öðrum vöruflokkum. Edda verður skilgreind sem lífsstílsútgefandi Disney í Norður-Ameríku en markaðurinn í Bandaríkjunum og Kanada er um fjögur hundruð milljónir manna. „Ef þessar áætlanir ganga eftir, sem ég geri ráð fyrir, munum við bera ábyrgð á efni sem er ekki eingöngu ætlað börnum heldur fjölskyldum og fullorðnum líka. Þetta eru verkefni sem snúa að mat, grænum lífsstíl, betra lífi, samskiptum, náttúru og fræðsluefni,“ segir Jón Axel, sem er að sjálf-sögðu spenntur fyrir samstarfinu. Hann segir Eddu hafa unnið í því síðastliðið eitt og hálf ár að stækka markaðssvæði sitt. „Við ákváðum að reyna að finna ný tækifæri undir Disney-vörumerkinu. Það varð úr að við skoðuðum tækifæri sem gefast í Bandaríkjunum og við höfum þróað vörumerki sem er sérstaklega ætlað fyrir þann markað.“ Edda útgáfa hefur átt í viðskiptasambandi við Disney í Skandinavíu í þrjátíu ár. Boltinn fór að rúlla þegar fyrirtækið hóf útgáfu á matreiðslubókum Disney árið 2010, sem hafa selst í um sextíu þúsund eintökum. Þær bækur eru framleiddar á Íslandi og tengjast ekki Disney í Bandaríkjunum nema að nafninu til. „Það eru ekkert mjög margir í Bandaríkjunum sem hafa leyfi til að framleiða Disney-vörur fyrir Bandaríkin. Við erum svo heppin að fá tækifæri til að vinna með þetta vörumerki þar en til þess höfum við þurft að komast í gegnum nálarauga Disney-samsteypunnar,“ segir hann.



**SPENNANDI TÆKIFÆRI** Jón Axel Ólafsson hjá Eddu er mjög spenntur fyrir samstarfinu við Disney.

## Þrjátíu titlar á þremur árum

Reiknað er með að fyrsta Disney-útgáfa Eddu í Norður-Ameríku verði næsta vor. Að sögn Jóns Axels verður ekki um matreiðslubók að ræða því áætlað er að hún komi út seinni partinn á næsta ári. „Við erum með um þrjátíu titla sem við vinnum að því að koma út á næstu þremur árum.“



Spurður hvers virði hinn væntanlegi samningur við Disney sé segir Jón Axel efnitt að leggja mat á slíkt. „Við erum að leggja upp í langferð. Markmiðið er ekki

að setja upp stórar skrifstofur í Bandaríkjunum heldur nýta það frábæra fólk sem við erum með hér til að vinna þessi verkefni.“

freyr@frettabladid.is

## Nýútskrifaður og stal senunni

Arnmundur Ernst hefur vakið mikla athygli með leik sínum í verkinu Jeppi á fjalli.

„Það er mikill heiður að fá að vinna með þessu frábæra fólki,“ segir Arnmundur Ernst Backman Björnsson sem leikur á móti Ingvari E. Sigurðssyni og Ilmi Kristjánssyni í Jeppa á fjalli, en verkið var frumsýnt í Borgarleikhúsinu síðasta föstudag.

Arnmundur Ernst á ekki langt að sækja leiklistarhæfileikana en hann er sonur Eddu Heiðrúnar Backman og Björns Eiga Hilmarssonar, sem bæði eiga glæstan leiklistarferil að baki. Í leikskrá Borgarleikhússins en hann titlaður Björnsson en hefur yfirleitt notað eftirnafnið Backman, eins og til dæmis á Facebook. „Það fer nú bara eftir

hentisemi hvort ég nota Backman eða Björnsson.“

Jeppi á fjalli er fyrsta leikritið sem Arnmundur Ernst leikur í eftir að hann útskrifaðist úr leiklistardeild Listaháskóla Íslands í vor. „Arnar Dan Kristjánsson leikur einnig í verkinu en við vorum bekkjarfélagar í skólanum og erum miklir vinir. Við leigðum saman íbúð og héldum hita hvor á öðrum þegar kalt var í veðri,“ segir Arnmundur um vinskapið.

„Það er freistandi að fara utan að læra meira en það liggur ekkert á því,“ svarar Arnmundur Ernst að lokum, þegar spurt er um möguleikana á erlendri grundu.

- glp



**STELUR SENUNNI** Arnmundur Ernst Backman Björnsson á stórleik í verkinu Jeppi á fjalli.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Gorenje ofn

Áður 109.900 kr.

Októbertilboð 79.900 kr.

Þú sparar 30.000 kr.


Gorenje ofn BO7110AW • Hvítur • Nýtanlegt rými í ofni 60 l  
Orkunýtni A • Undir- og yfirhiti, heitur blástur, undirhiti með blæstri, undirhiti með heitum blæstri • Grill, glóðargrill • Kælivífta  
1 ofngrind, mjög djúp steikarskúffa, tvær bökunarplötur • Innri hurð úr gleri, köld hurð • Barnalæsing á hurð • AquaClean • 5 ára ábyrgð

Reykjavík  
Skútvogur 1  
Sími 562 4011

Akureyri  
Draupnigsgata 2  
Sími 460 0800

# RÖNNING

ronning.is | gorenje.is



# ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ

DOMINO'S  
**1000 KR.**

Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.  
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflettan botn.



TAKTU ÞÁTT Á DOMINOSDEILDIN.IS

Stílltu upp þínu sterkasta liði í Draumadeild Domino's, þú gætir staðið uppi sem sigurvegari leiktíðarinnar í vor. Stórglæsilegir vinningar í boði.  
Skráðu þig núna, það er mikilvægt að vera með frá byrjun!

NEW YORK: Nautahakk, beikon og cheddarostur

📞 SÍMI 58 12345 📱 DOMINO'S APP 🌐 WWW.DOMINOS.IS



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is  
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

**Yoko Ono á Borginni**

Fríðarsúlan í Víðey verður tendruð með fallettri athöfn á fæðingardegi Johns Lennon annað kvöld klukkan átta. **Yoko Ono**, ekkja Lennons, býður öllum sem vilja koma og taka þátt í fríðarathöfninni frá siglingu yfir sundið. Heimildir herma að Yoko sé komin til landsins og að hún hafi verið á Borginni á sunnudagskvöldið ásamt fylgdarliði. Þar snæddi hún fiskisúpu og humarköku ásamt úrvali af sjávarréttum. -jme



**Fjölmennt á Hljómatónleikum**

Á laugardag voru haldnir stórtónleikar í Hörpu í tilefni þess að hálf öld er liðin frá því að hin ástsæla hljómsveit Hljómar kom fram á sínu fyrsta balli í Krossinum í Keflavík. Fram komu meðal annarra Stefán Hilmarsson, Unnsteinn Manuel Stefánsson, Valdimar Guðmundsson og **Ágústa Eva Erlendsdóttir**, en auk þeirra spiluðu meðlimir Hljóma nokkur lög á tónleikum. Júlíus Freyr Guðmundsson, sonur Rúnars Júlí heitins, kom fram með þeim. Á tónleikum mátti sjá marga góða gesti, en meðal annarra voru þau Þórður Jörundsson úr Retro Stefson, Oddur Júlíusson leikari og Elín Eyþórsdóttir söngkona. -ósk



**Mest lesið VÍSIR**

- Móðir drengs með ADHD: „Kennarar og skólastjórnendur eru bara hafnir yfir lög“
- Skrímslatrúkkasýning fór úr böndunum
- Sundlaugargestir björguðu manni frá drukknun
- „Ekkert haturspasta á mínum borðum takk“
- Eini krullótti spói landsins

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

**FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM - FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM - FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM**

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

## Gerðu gæða- og verðsamanburð

MIKIÐ ÚRVAL NÝJUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM OG SVEFNSÓFUM MEÐ VÖNDUÐUM DÝNUM Á VERÐI SEM KEMUR Á ÓVART!

Vinsælu **SVEFNSÓFARNIR** komnir aftur

**REVERIE**  
 Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu Fyrsta sending seldist strax upp!  
 Kíktu á [www.reverie.com](http://www.reverie.com)

**REVERIE 75 með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm Verð aðeins kr. 379.900.-**

**REVERIE 75 með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm Verð aðeins kr. 499.900.-**

**REVERIE 75 með Proflex stillanlegur botn með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm Verð aðeins kr. 249.900.-**

**REVERIE 75 með Proflex stillanlegur botn með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm Verð aðeins kr. 369.900.-**

**Frábært tilboð**

- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótórar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.
- Val um dökkan eða ljósan lit í bólstrun

**SVEFNSófar með vönduðum dýnum**  
 Með leðri á slitflötum verð **kr. 269.000.-**  
 Með slitsterku tauáklæði verð **kr. 199.000.-**

**Frábær hönnun**

- Hægt er að fá aukabúnað til að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- Glæsileg fjarstýring með standi.
- Tvær innstungur á baki til að hlaða farsíma, fartölvu o.fl.
- Einnig hægt að tengja borðlampa o.fl.

**Loksins komin ný Valhöll...**

### VALHÖLL

Heilsudýna á frábæru verði

Hágæða svæðisskipt heilsudýna Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður lágbaksstuðningur. Mýkra og betra axlarsvæði Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti

Stærð	Dýna stgr.	Með botni og krómfótum stgr.
80x200	32.900 kr.	67.900 kr.
90x200	34.900 kr.	69.900 kr.
100x200	39.900 kr.	74.900 kr.
120x200	39.900 kr.	79.900 kr.
153x203	54.900 kr.	99.900 kr.
160x200	59.900 kr.	104.900 kr.
180x200	64.900 kr.	114.900 kr.

**IQ-CARE**

Ein besta heilsudýna í heimi Svæðisskipt prýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Einnig úrval af heilsukoddum

**12 mán.** vaxtalausr greiðslur\*

**Svefn & heilsa**

Fimm stjörnu verslun

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
 Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
 Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00  
 Laugardaga 12:00 - 16:00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum